

## Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 6. júlí 2022

Mál þetta, sem dómtekið var 17. maí sl., er höfðað með ákæru, útgefni af lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu 24. mars 2021 á hendur X, kt. [...], [...], Reykjavík, Z, kt. [...], [...], Reykjavík, Y, kt. [...], [...], Reykjavík, og Þ, kt. [...], [...], „fyrir eftirtalin brot:

### I.

Á hendur ákærða X fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni og lyfjalögum með því að hafa allt frá árinu 2013 og til 4. mars 2019, selt og afhent ótilgreindum fjölda einstaklinga lyfseðilsskyld lyf og ávana- og fíknilyf, án þess að hafa markaðs- og lyfsöluleyfi Lyfjastofnunar og í því skyni haft í vörslum sínum eftirgreind ávana- og fíknilyf sem fundust við leit lögreglu við afskipti af ákærða sem hér segir:

1. Miðvikudaginn 14. febrúar 2018, við hútleit að [...] í Reykjavík: 50 Mogadon töflur og 100 Lexotan töflur, 45 Ritalin Uno töflur, fimm Ritalin töflur, sex OxiContyn töflur og átta Contalgin töflur, sem ákærði geymdi í skenk og í kassa á háalofni.

*Mál nr. 007-2018-[...]*

2. Fimmtudaginn 25. október 2018, við líkamsleit að [...] í Reykjavík: 120 rítalín töflur, 22 Contalgin töflur og þrjár OxyContin töflur sem ákærði geymdi í sokkum innanklæða.

*Mál nr. 007-2018-[...]*

3. Miðvikudaginn 4. mars 2019, við líkamsleit að [...] í Reykjavík: 29 Rítalín töflur, sjö Contalgin töflur og fimm OxyContin töflur sem ákærði geymdi í sokkum innanklæða.

*Mál nr. 007-2019-[...]*

Telst háttsemin varða við 1. mgr., sbr. 2. og 4. mgr. 3. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2., 3. og 6. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr. reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 808/2018 og 28. og 1. mgr. 33. gr., sbr. 1. mgr. 31. gr., sbr. 2. mgr. 103. gr. lyfjalaga nr. 100/2020.

### II.

Á hendur ákærða X fyrir vopnalagabrot með því að hafa, miðvikudaginn 14. febrúar 2018, að [...] í Reykjavík, sbr. 1. tl. I. kafla ákæru, haft í vörslum sínum handjárn og raflostbyssu sem honum var óheimilt að eiga og hafa í vörslum en vopnin geymdi ákærði aftan við falskan lista í forstofuskáp. Auk þess hafði ákærði í vörslum sínum, þá sviptur skotvopnaleyfi, samtals 1016 stk af skotfærum, hleðslupúður fyrir skotfæri, riffilbolta, tvo óskráða hljóðdeyfa, tvö riffilskepti og tvö gikkverk í riffil. Ákærði geymdi framangreint í forstofu, í herbergi og á geymslulofti í bifreiðageymslu tilheyrandi heimilinu án þess að tryggja viðeigandi og áskilda vörslu skotfæra, hleðslupúðurs, riffilbolta og riffilskepta sem lögregla fann í umrætt sinn í ólæstum hirslum.

Telst háttsemin varða við 4. mgr. 4. gr., sbr. 1. og 2. mgr. 2. gr., 1. mgr. 12. gr., 1. og 2. mgr. 23. gr., 1. og 2. mgr. 23. gr., c-lið 2. mgr. 30. gr. og 4. mgr. 30. gr., sbr. 1. mgr. 36. gr. vopnalaga nr. 16/1998.

*Mál nr. 007-2018-[...]*

### III.

Á hendur ákærða X fyrir vopna- og tollalagabrot með því að hafa, mánudaginn 15. október 2018, staðið að innflutningi á 200 riffilkúlum án tilskilinna leyfa og án þess að gera tollyfirvöldum grein fyrir innflutningnum. Skotfærin flutti ákærði til landsins sem farþegi með flugi [...] frá Kaupmannahöfn í Danmörku en þau fundust í fórum ákærða eftir að hann hafði gengið um grænt tollhlið á Keflavíkurlflugvelli með áletruninni „Enginn tollskyldur varningur“.

Telst háttsemin varða við 1. mgr. 5. gr. sbr., 1. mgr. 36. gr. vopnalaga nr. 16/1998 og 1. mgr. 170. gr., sbr. 1. og 3. mgr. 27. gr. tollalaga nr. 8/2005.

Mál nr. 007-2019-[...]

#### IV.

Á hendur ákærða X fyrir brot gegn sóttvarnarlögum með því að hafa, mánudaginn 4. maí 2020, farið í verslun Nettó að Fiskislóð, Reykjavík, og þannig brotið gegn skyldum einstaklinga sem eru í sóttkví, sem ákærði átti að fara eftir í kjölfar komu hans hingað til lands frá Svíþjóð hinn 25. apríl 2020 og til 9. maí 2020.

Telst háttsemin varða við 4., sbr. og 8. gr. reglugerðar nr. 259/2020 um sóttkví og einangrun vegna COVID-19, sbr. 18. og 19. gr. sóttvarnarlaga nr. 19/1997.

Mál nr. 007-2020-[...]

#### V.

Á hendur ákærðu X, Z, Y og Þ fyrir peningabætti sem hér segir:

##### 1.

Á hendur ákærðu X og Z fyrir peningabætti með því að hafa, á tímabilinu frá 28. september 2012 til 30. október 2018, tekið við, nýtt, umbreytt, afhent og/eða aflað sér ávinnings allt að fjárhæð 84.449.884 krónur með sölu og dreifingu ákærða X á ótilteknu magni lyfja, sbr. I. kafla ákæru, og eftir atvikum með öðrum ólögmetum og refsiverðum hætti.

Rannsókn lögreglu á fjármálum ákærðu, sem voru gift og með sameiginlegan fjárhag, sýndi fram á að rekjanlegar tekjur þeirra á tímabilinu voru samtals 47.898.715 krónur og rekjanleg útgjöld þeirra samtals 132.348.599 krónur, sbr. eftirgreind sundurliðun:

TEKJUR – SKATTFRAMTÖL OG BANKAGÖGN				
X	Fjárhæð		Z	Fjárhæð
Tekjur skv. skattframtölum	26.428.225		Tekjur skv. skattframtölum	16.686.594
Aðrar tekjur skv. bankagögnum	4.015.014		Aðrar tekjur skv. bankagögnum	768.882
<i>Samtals tekjur:</i>	30.443.239		<i>Samtals tekjur:</i>	17.455.476
Rekjanlegar tekjur ákærðu námu samtals 47.898.715 krónum.				
ÚTGJÖLD - BANKAGÖGN				
X	Fjárhæð		Z	Fjárhæð
AF BANKAREIKNINGUM:			AF BANKAREIKNINGUM:	
Greiðslur inn á fasteignalán	17.020.930		Erlendar símgreiðslur	10.630.517
Reiðufjárúttektir	42.159.849		Reiðufjárúttektir	1.528.555
Millifærslur á einstaklinga	7.215.166		Millifærslur á einstaklinga	2.038.107
Ýmis útgjöld	33.271.480		Ýmis útgjöld	7.940.777
REIÐUFJÁRGREIÐSLUR:			REIÐUFJÁRGREIÐSLUR:	
Greiðslur inn á fasteignalán	3.991.952		Gjaldeyriskaup með reiðufé	1.784.580
Aðrar reiðufjárgreiðslur	3.957.226		Aðrar reiðufjárgreiðslur	809.460
<i>Samtals útgjöld-ústreymi:</i>	107.616.603		<i>Samtals útgjöld-ústreymi:</i>	24.731.996
Rekjanleg útgjöld og reiðufjárgreiðslur ákærðu námu samtals 132.348.599 krónum.				

NIÐURSTAÐA – REIKNADUR NEIKVÆÐUR LÍFEYRIR			
X	Fjárhæð	Z	Fjárhæð

Reiknaður neikvæður lífeyrir	-77.173.364	Reiknaður neikvæður lífeyrir	-7.276.520
Reiknaður lífeyrir ákærðu er neikvæður um samtals 84.449.884 krónur.			

Ákærðu hafa ekki gefið trúverðugar skýringar um lögmæta meðferð þeirra á 84.449.884 krónum umfram uppgefnar og rekjanlegar tekjur.

2.

Á hendur ákærðu Y fyrir peningabætti með því að hafa, á tímabilinu frá 28. september 2012 til 30. október 2018, tekið við, nýtt, umbreytt, afhent og/eða aflað sér ávinnings allt að fjárhæð 23.826.637 krónum, sem var til kominn af refsiverðum brotum meðákærða X og eftir atvikum með öðrum ólögmætum og refsiverðum hætti.

Rannsókn lögreglu á fjármálum ákærðu sýndi fram á að rekjanlegar tekjur hennar á tímabilinu voru samtals 24.133.426 krónur en rekjanleg útgjöld voru samtals 47.960.063 krónur, sbr. eftirgreind sundurliðun:

<b>TEKJUR – SKATTFRAMTÖL OG BANKAGÖGN</b>	
X	<i>Fjárhæð</i>
Tekjur skv. skattframtölum	23.774.382
Aðrar tekjur skv. bankagögnum	359.044
<i>Samtals tekjur:</i>	24.133.426
Rekjanlegar tekjur ákærðu námu samtals 24.133.426 krónum.	
<b>ÚTGJÖLD - BANKAGÖGN</b>	
X	<i>Fjárhæð</i>
AF BANKAREIKNINGUM:	
Ýmis útgjöld	34.638.679
Símgreiðslur	5.887.476
Bifreiðakaup	4.316.250
Millifærslur á einstaklinga	2.479.724
Reiðufjárúttektir	637.934
<i>Samtals útgjöld-ústreymi:</i>	47.960.063
Rekjanleg útgjöld ákærðu námu samtals 47.960.063 krónum.	

<b>NÍÐURSTAÐA – REIKNADUR NEIKVÆÐUR LÍFEYRIR</b>	
X	<i>Fjárhæð</i>
Reiknaður neikvæður lífeyrir	-23.826.637
Reiknaður lífeyrir ákærðu er neikvæður um 23.826.637 krónur.	

Ákærða hefur ekki gefið trúverðugar skýringar um lögmæta meðferð hennar á 23.826.637 krónum umfram uppgefnar og rekjanlegar tekjur.

3.

Á hendur ákærða P fyrir peningabætti með því að hafa, á árinu 2017, tekið við skotvopnum og öðrum munum þeim tengdum frá meðákærða X, samtals að áætluðu verðmæti 2.338.960 kr. í það minnsta, sem ákærði geymdi og hafði í vörslum sínum þrátt fyrir að hafa hlotið að vera ljóst að þeir hefðu áður verið

keyptir fyrir ávinning af brotastarfsemi meðákærða X, sem frá er greint í I. og 1. tl. V. kafla ákæru. Meðákærði X keypti munina á árunum 2012 til 2014 og afhenti ákærða Þ á árinu 2017 án þess að greiðsla hafi komið til auk þess sem ákærði var til málamynda skráður eigandi skotvopnanna í skotvopnaskrá lögreglu 29. júní 2017 er meðákærði X var sviptur skotvopnaleyfi. Um var að ræða Blaser R8 riffil með 6,5X65 skiptihlaupi (rn. [...]), ásamt 6XC skiptihlaupi (rn. [...]), .223 Rem skiptihlaupi (rn. [...]), 9,3X62 skiptihlaupi (rn. [...]) og boltalás (rn. [...]) í sama skotvopn, samtals að áætluðu verðmæti 767.960 kr., Jalonen riffil 6ppc (rn. [...]) með NightForce BR 12-42x56 sjónauka að áætluðu verðmæti 609.000 kr., Mossberg riffil cal 30-30 (rn. [...]) með Weaver 3-12x50 sjónauka að áætluðu verðmæti 100.000 kr. og Sako riffil .308 (rn. [...]) með NightForce NXS sjónauka 10-32x56 að áætluðu verðmæti 862.000 kr.

Ákærði hafði framangreint í vörslum sínum allt til 25. október 2018 er haldlagning lögreglu fór fram á heimili hans að [...] og viðhélt þannig ávinningi af brotum meðákærða X.

Telst háttsemi ákærðu X, Z og Y varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og háttsemi ákærða Þ við 1. mgr. 264. gr. sömu laga.

*Mál nr. 007-2018-[...]*

Þess er krafist að ákærðu verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

#### *Upptökukröfur*

Krafist er upptöku á 50 Mogadon töflum, 100 Lexotan töflum, 254 Rítalín töflum, 45 Rítalín Uno töflum, 14 OxyContin töflum og 37 Contalgin töflum, sbr. I. kafla, með heimild í 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974, sbr. 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001. Þá er krafist upptöku á handjárnnum, raflostbyssu, 1.016 stk. af skotfærum, hleðslupúðri, riffilbolta og tveimur hljóðdeyfum, sbr. II. kafla, með heimild í 1. mgr. 37. gr. vopnalaga nr. 16/1998 og 200 stk af riffilkúlum, sbr. III. kafla, með heimild í 1. mgr. 37. gr. vopnalaga nr. 16/1998 og 181. gr. tollalaga nr. 88/2005.

Loks er þess krafist að ákærðu X, Z og Þ verði dæmd til að sæta upptöku, eins og á eftir greinir, með vísan til ákvæða VII. kafla A., einkum 1. mgr. 69. gr., 69. gr. b., 69. gr. c. og 69. gr. d. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974, sbr. 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001 og 1. mgr. 104. gr. lyfjalaga nr. 100/2020:

1.

Ákærðu X og Z sæti upptöku sem hér segir:

- a) Hvort á sínum eignarhlut í fasteigninni að [...], Reykjavík, fastanúmer [...], íbúð [...] og bílskúr [...], sem kyrrsett var við rannsókn máls nr. 007-2018-[...] af Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu 26. október 2018, að beiðni lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, sbr. kyrrsetningargerðir nr. 2018-[...] og 2018-[...].
- b) Á 1.040 evrum, 70 sterlingspundum, 2.150 sænskum krónum, 6.140 taflenskum bat, 102 bandaríkjadöllum og 4.800 dönskum krónum, samtals að jafnvirði 304.255 kr. miðað við miðgengi Seðlabanka Íslands 25. október 2018 er haldlagning fór fram á heimili ákærðu að [...] í Reykjavík við rannsókn máls nr. 007-2018-[...]. Upptökukrafan tekur einnig til áfallinna og áfallandi vaxta og verðbóta frá 25. október 2018 til greiðsludags.
- c) Á reiðufé að fjárhæð 38.500 kr sem haldlagt var við handtöku ákærða X 25. október 2018 við rannsókn máls nr. 007-2018-[...]. Upptökukrafan tekur einnig til áfallinna og áfallandi vaxta og verðbóta af 38.500 kr frá 25. október 2018 til greiðsludags.

- d) Á innistæðum að fjárhæð 1.341.995 kr sem haldlagðar voru 26. október 2018 af reikningum ákærða X nr. [...] og nr. [...] í [...] við rannsókn máls nr. 007-2018- [...]. Upptökukrafan tekur einnig til áfallinna og áfallandi vaxta og verðbóta af 1.341.995 kr. frá 26. október 2018 til greiðsludags.
- e) Á innistæðu að fjárhæð 2.974.609 kr. á reikningi nr. [...] í [...], sem stofnaður var af lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu til að varðveita söluandvirði bifreiðarinnar [...] sem haldlögð var við rannsókn máls nr. 007-2018- [...] og síðar seld 2. maí 2020 með samþykki ákærða X sem var skráður eigandi bifreiðarinnar. Upptökukrafan tekur einnig til áfallinna og áfallandi vaxta og verðbóta af 2.974.609 kr. frá 2. maí 2020 til greiðsludags.
- f) Á eftirgreindum lausafjármunum, að áætluðu verðmæti 2.834.626 kr., sem lögregla haldlagði á heimili ákærðu að [...] í Reykjavík, 14. febrúar 2018 við húsleit í máli 007-2018- [...] og 25. október 2018 við húsleit í máli nr. 007-2018- [...]:

<i>Munanr.</i>	<i>Gerð og lýsing munar</i>	<i>Verðm. kr.</i>
[...]	Gikkverk í Blaser riffil, grátt m. gullituðum gikk.	180.000
[...]	Gikkverk í Blaser riffil, svart m. svörtum gikk.	140.000
[...]	Skepti í Blaser riffil, dökkt.	220.000
[...]	Skepti í Blaser riffil, brúnt og silfurlitað.	500.000
[...]	Sjónauki, Diavari Victory FL 6-24 x 56 t*FL.	402.000
[...]	Sjónauki, Swarovsky 1-6 x24.	330.000
[...]	Sjónauki, Swarovsky Z6 5-30 x 50.	300.000
[...]	Taska sem innihélt sjónauka	9.900
[...]	Sjónauki, Vortex Viper 6-24 x 50.	236.000
[...]	Taska sem innihélt sjónauka.	6.545
[...]	Sjónauki, Barska „spotter“, ásamt tösku.	20.181
[...]	Sjónauki, Swarovsky 10x42, ásamt tösku.	250.000
[...]	Sjónauki, Swarovsky, 15x56, ásamt tösku.	240.000

2.

Ákærðu X, Z og Þ sæti upptöku á eftirgreindum munum, skotvopnum og fylgihlutum, að áætluðu verðmæti 2.822.960 kr., sem lögregla haldlagði á heimili ákærða Þ að [...], 25. október 2018:

<i>Munanr.</i>	<i>Gerð og lýsing munar</i>	<i>Verðm. kr.</i>
[...]	Haglabýssa, Optima tvíhleypa	99.000
[...]	Riffill Savage .22 cal, (rn545998) með Hawke 6-24x44 sjónauka	80.000
[...]	Haglabýssa, Beretta hálfsjálfvirk (rn. [...])	305.000
[...]	Riffill, Jalonon 6ppc (rn. 109028) með NF BR 12-42x56 sjónauka	609.000
[...]	Riffill, Mossberg cal 30-30 (rn. LA015576) m. Weaver 3-12x50 sjónauka	100.000
[...]	Riffill, Sako .308 (rn. 774776) með NF NXS 10-32x56 sjónauka	862.000
[...]	Blaser R8 skiptihlaup 6XC (rn. [...])	115.870
[...]	Blaser R8 skiptihlaup .223 Rem (rn. [...])	207.110
[...]	Blaser R8 skiptihlaup 9,3X62 (rn. [...])	136.870
[...]	Blaser R8 rifill með 6,5X65 skiptihlaupi (rn. [...])	228.110

[...]	Blaser boltalás (rn. [...])	80.000
-------	-----------------------------	--------

Framangreindum munum ráðstafaði ákærði X til ákærða Þ, án þess að greiðsla hafi komið til, og var hann til málamynda skráður eigandi skotvopnanna í skotvopnaskrá lögreglu 29. júní 2017. Ákærði Þ tók við mununum og hafði í vörslum sínum þrátt fyrir hafa hlotið að vera ljóst að þeir hefðu verið keyptir fyrir ávinning af brotastarfsemi meðákærða X að hluta, sbr. I. og V. kafla ákæru, og hann mátt vita að munirnir kynnu að verða gerðir upptækir með dómi.“

Ákærði X krefst aðallega sýknu af öllum kröfum ákæruvaldsins en til vara krefst hann vægustu refsingar er lög leyfa og að fjárhæð upptökuröfu verði lækkuð verulega. Þá krefst verjandi ákærða málsvarnarlauna sér til handa sem greiðist úr ríkissjóði.

Ákærða Z krefst aðallega sýknu af refsikröfu ákæruvaldsins. Til vara krefst hún vægustu refsingar er lög leyfa. Þá krefst hún sýknu af upptökuröfu ákæruvaldsins er lýtur að eignarhlut henni í fasteigninni [...]. Verjandi ákærðu krefst þess að allur sakarkostnaður, þ.m.t. málsvarnarlaun verjanda, verði lagður á ríkissjóð.

Ákærða Y krefst aðallega sýknu af refsikröfu ákæruvaldsins. Til vara krefst hún vægustu refsingar er lög leyfa. Verjandi ákærðu krefst þess að allur sakarkostnaður, þ.m.t. málsvarnarlaun verjanda, verði lagður á ríkissjóð.

Ákærði Þ krefst aðallega sýknu af öllum kröfum ákæruvaldsins. Til vara krefst hann vægustu refsingar er lög leyfa. Verjandi ákærða krefst málsvarnarlauna sér til handa sem greiðist úr ríkissjóði.

Við upphaf aðalmeðferðar 12. maí sl. féll ákæruvaldið frá kafla III og IV á hendur ákærða X og upptökuröfum að hluta eins og nánar verður gerð grein fyrir í kafla IV.

## I.

### Málsatvik

#### *I., II. og V. kafla ákæru*

Þann 14. febrúar 2018 var ákærði X handtekinn vegna gruns um sölu og dreifingu á læknylfjum og brot á lyfjalögum. Í kjölfarið var gerð húsleit á heimili hans að [...] í Reykjavík. Í skýrslu lögreglu kemur fram að undanfari leitarinnar hafi verið ítrekaðar tilkynningar til lögreglu þar sem fram kom að ákærði væri að selja fólki með fíknivanda nánar tilgreind lyfseðilsskyld lyf, m.a. Ritalin og Ritalin Uno.

Við húsleitina fundust lyf á nokkrum stöðum og var hluti þeirra falinn í skenk eða á milli DVD-diska í skenknum. Lyfin voru í smelluláspokum. Þá fannst á heimilinu ýmis vopnabúnaður, haglaskot, handjárn og raflostbyssa. Fundust hlutirnir á bak við falskan lista í fataskáp, á nokkrum öðrum stöðum á heimilinu og í bifreiðageymslu. Þá fannst talsvert magn af litlum smelluláspokum. Lögregla lagði hald á allt framangreint auk annarra muna.

Í kjölfar handtöku og húsleitar var ákærði yfirheyrður og kynnt sakarefnið. Í upphafi yfirheyrslunnar kvaðst ákærði ekki selja lyfseðilsskyld lyf og aldrei hafa gert. Hann kannaðist við að eiga lyfin sem fundust á heimili hans en hann fengi þau á „svarta markaðinum“. Kvaðst hann sjálfur þurfa á lyfjum að halda.

Þann 12. október 2018 aflaði lögreglan dómsúrskurða vegna rannsóknaraðgerða er beindust að ákærða. Hann var handtekinn þann 25. október 2018 eftir að lögregla hafði fylgst með bílferðum hans, grunaður um peningþvætti og dreifingu læknylfja. Við leit á ákærða fundust 38.500 kr. og lyf sem hann geymdi í sokkunum. Í kjölfarið var gerð húsleit í bifreið ákærða og á heimili hans. Af því tilefni lagði lögreglan hald á ýmsa muni, m.a. vopnabúnað, lyf og peningaseðla.

Ákærði X var yfirheyrður þrisvar sinnum eftir þetta vegna framangreinds sakarefnis, 25. október og 1. nóvember 2018 og 6. mars 2019.

Ákærða Z, eiginkona ákærða, var yfirheyrð 25. október 2018 vegna ætlaðs peningþvættis. Þá var fyrst tekin skýrsla af ákærðu Y, móður ákærða, þann 28. október 2018 en hún naut þá réttarstöðu vitnis. Réttarstöðu hennar var breytt og var hún yfirheyrð vegna ætlaðs peningþvættis þann 31. október 2018.

Undir rannsókn málsins vann lögregla greiningu á fjármálum ákærðu X, Z og Y og voru teknar saman skýrslur fyrir hvert þeirra, en skýrslurnar eru ódagsettar. Fjármálagreiningin afmarkast í öllum tilvikum af tímabilinu frá og með 28. september 2012 til og með 30. október 2018 og byggist einkum á skattframtölum, bankayfirlitum, kreditkortayfirlitum, kvittunum og/eða reikningum vegna fasteigna-, bifreiða- og gjaldeyrisviðskipta, upplýsingum úr skýrslutökum og fleiri gögnum. Þá voru að auki útbúnar upplýsingaskýrslur vegna sérstakra tilvika og vegna þeirra sem snertu þau þrjú sameiginlega, samtals 12 skýrslur. Einnig voru teknar saman tvær upplýsingaskýrslur um tengsl milli þeirra einstaklinga sem ákærði X var í sambandi við á samskiptamiðlum og innborgana frá þessum sömu einstaklingum inn á bankareikninga ákærðu.

Þá er á meðal gagna upplýsingaskýrsla um aðferðafræði við fjármálagreiningu og rannsókn. Þar segir að rekjanlegar tekjur séu þær ráðstöfunartekjur sem viðkomandi gefi upp á innsendum skattframtölum sínum en rekjanleg útgjöld samanstandi af öllum færslum sem fari út af bankareikningum viðkomandi og reiðufjárgreiðslum vegna fasteigna-, bifreiða- og gjaldeyriskaupa. Mismunur á rekjanlegum tekjum og rekjanlegum útgjöldum sé þá framfærsluhalli viðkomandi, þ.e. eyðsla umfram þær tekjur sem viðkomandi gefur upp á skattframtölum. Fjármögnun á framfærsluhallanum, (fjármunir sem viðkomandi notaði í eyðslu umfram uppgefnar tekjur) samanstandi af innborgunum (öðrum en þeim tekjum sem komi inn á skattframtöl) inn á alla bankareikninga í eigu viðkomandi og reiðufé sem notað var í fasteigna-, bifreiða- og gjaldeyriskaup. Þar kemur fram að flestallar innborganir og útborganir af bankareikningum hafi verið teknar með inn í framfærsluútreikning ákærðu en á því séu þær undantekningar að vaxtatekjur og fjármagnstekjur á bankareikningum komi inn í framfærsluútreikning í gegnum tekjuútreikning og millifærslur milli eigin reikninga „núllast út“ og komi því ekki fram inni í framfærslureikningi.

Rannsókn málsins beindist einnig að ætluðu peningaþvætti ákærða B sem gerð verður grein fyrir í kafla III.

## II.

### Skýrslur fyrir dómi

Ákærði X kannaðist við þau tilvik sem tilgreind eru í I. kafla ákæru og lýsti frekar. Kvaðst hann hafa selt „eitthvað pínulítið“. Hefði hann stundum haft töflur til geymslu fyrir aðra en hann þyrfti sjálfur á rítalíni að halda vegna ADHD. Hann ætti það til að bjarga fólki um lyf og léti það fá á kostnaðarverði. Fengi hann lyfin hjá hinum og þessum sem hann vildi ekki nafngreina. Lyfin væru því keypt fyrir aðra og í staðinn væri lagt inn á hann. Hann hefði ekki haft mikinn ávinning af þessu og taldi að í heild næmi hann um 4.000.000 kr. Kvaðst hann rétt eftir sér haft hjá lögreglu að hann hefði viðhaft þessa iðju undanfarin átta ár „með hléum“. Fjöldi fólks væri í skuld við hann en sumir bæðu hann um að útvega sér lyf. Þá ætti hann það stundum til að geyma peninga fyrir fólk. Fólk legði inn á hann „fullt af pening“ til þess að fá skammtað eða til lyfjakaupa fyrir sig. Tæki hann ekki neitt gjald fyrir slíkt en væri eins konar „hraðbanki á hjólum“. Stundum fengi hann greitt eitthvað smávægilegt fyrir akstur. Hann væri að meginstefnu til að hjálpa fólki sem endurgreiddi honum einhvern veginn. Ákærði kvaðst lítið geta tjáð sig um samskipti þau sem liggja fyrir við hina ýmsu einstaklinga. Um væri að ræða „ofboðslegt magn“ og sumir væru að biðja hann um að útvega sér lyf. Gerði hann grein fyrir tengslum sínum við nokkra aðila sem lögregla tók skýrslu af undir rannsókn málsins.

Ákærði kvað ásakanir um peningaþvætti ekki eiga við rök að styðjast. Kvaðst hann hafa kynnt sér fjármálagreininguna og telja fjárhæðir þar passa nokkurn veginn. Gerði ákærði grein fyrir fjármunum sem hann hefði fengið á tímabili ákæru. Kvaðst ákærði m.a. hafa fengið arf eftir föður sinn, en hluti arfsins hefði verið reiðufé átta til níu milljónir sem hann hefði fundið eftir andlátið. Hefði hann fengið upplýsingar um að hann þyrfti ekki að gefa þessa fjármuni upp til skatts. Ákærði kvaðst einnig hafa fengið lán frá móður sinni en kvaðst ekki vita hver hefði lagt reiðufé inn á hana í þeim tilvikum sem slíkt gerðist skömmu fyrir lánveitingar til hans. Ákærði kannaðist við að hafa lagt 4.000.0000 kr. inn á reikning sinn í reiðufé skömmu áður en hann greiddi innborgun vegna fasteignakaupa, en það hefði verið fé sem hann hefði safnað, m.a. svart. Þá gerði ákærði grein fyrir fjármögnun bifreiðar og fasteignar. Kvaðst hann móður sína

hafa átt heilmikla peninga og hefði hún lánað honum talsvert fé. Kvaðst hann þó ekki þekkja til fjármála hennar fyrr en nú á þessu ári. Hann hefði „horft yfir axlirnar á henni“ og séð að hún hefði átt töluverða peninga í gegnum árin. Hún léti hann borga reikninga fyrir sig og hann „rúllaði“ oft yfir reikninginn hjá henni og vissi því hver staða hans væri. Kvaðst hann alltaf borga henni til baka í reiðufé. Spurður um símagreiðslur til [...] kvað ákærði um að ræða styrk til tengdajölskyldunnar, m.a. vegna kaupa á sundlaug. Kona hans hefði átt peningana sem sendir voru en einnig hafi verið um að ræða lán frá móður hans og einhvern pening úr lyfjasölu. Þá hefði hann sýslað eitthvað með gjaldeyri á „svarta markaðinum“ en erlendur gjaldeyris sem fannst á heimili hans hefði verið afgangur frá ferðalögum.

Spurður um vopn og búnað sem fannst á heimili hans kvað ákærði raflostbyssuna vera ónýta og nafngreindur maður ætti handjárnin og hefði hann geymt þau fyrir hann. Skotfæri og ríffilbolti hefðu orðið eftir þegar hann seldi Þ vopnin en hann hefði trassað að afhenda munina. Hann ætti hljóðdeyfana. Ákærði taldi munina varslaða með viðeigandi hætti. Þ hefði greitt honum fyrir vopnin eftir að rannsókn máls þessa hófst í desember 2018. Ákærði kvaðst kannast við að hafa keypt vopn fyrir lyfjapening en það hefði bara verið „smotteri“ sem hefði farið í það.

Ákærði kvaðst fá örorkubætur og hafa gripið í störf einstaka sinnum og fengið svartar tekjur. Hann og eiginkona hans, meðákærða Z, væru ekki með sameiginlegan fjárhag enda væri allt annar „kúltúr“ í [...]. Þau skiptu sér lítið af fjármálum hvort annars. Samskipti hans við meðákærðu færu fram með handapati og einhverju „bland“-tungumáli. Hún hefði ekki skipt sér af lyfjunum sem hann geymdi á heimilinu og hann aldrei rætt við hana um þau.

Ákærða Z lýsti því hvernig hún og meðákærði X kynntust og hvernig hjúskap þeirra væri háttað. Þau hefðu eignast barn saman árið 2014. Þau hefðu slitið hjúskapnum fyrir u.þ.b. þremur árum þar sem henni hefði liðið illa í hjónabandinu og viljað fara heim, sem hún hefði gert um tíma. Hún byggi núna utan höfuðborgarsvæðisins. Kvað hún fjárhag sinn og meðákærða hafa verið aðskilinn á hjúskapartímanum. Hún hefði fengið sín laun og ekki haft aðrar tekjur. Þá hefði hún sent móður sinni meira en helming launa sinna. Kannaðist hún við að hafa fengið peninga frá meðákærða sem hún hefði sent til [...]. Þá hafi hann aðstoðað hana fjárhagslega þegar hún þurfti á því að halda. Hún kvað meðákærða taka einhver geðlyf en sér væri ókunnugt um lyfjasölu hans. Spurð um kaup á fasteigninni [...] kvaðst ákærða eiga hlut í íbúðinni en hún væri í útleigu í dag. Hefði hún bara ritað undir kaupsamninginn en ekki skipt sér af að öðru leyti. Meðákærði X hefði alfarið séð um greiðslur vegna fasteignarinnar en hann hefði greitt henni frá að hann hefði fengið arf og fundið einhverja peninga eftir andlát föður síns. Ákærða kvaðst hafa fengið fjárhagsaðstoð frá tengdamóður sinni, m.a. vegna bifreiðarkaupna á sínum tíma en hún hefði ekki vitað hvernig bifreiðin var greidd.

Ákærða Y lýsti aðstoðum sínum fyrir dóminum og heilsufari. Hún kvaðst fá ellilífeyri og greiðslur úr lífeyrissjóði en einnig hefði hún átt fé inni á bankareikningi. Hún hefði lánað ýmsum fjölskyldumeðlimum fé í gegnum tíðina, m.a. meðákærða X og Z þegar þau keyptu fasteign. Kvaðst hún ekki muna hversu mikið það hefði verið en það gæti verið um 4.000.000 króna. Hún hefði veitt lán í reiðufé en slíkt ætti hún alltaf handbært. Venjulega væru það lágar fjárhæðir, í mesta lagi nokkur hundruð þúsund. Margir legðu inn á hana vegna lánveitinganna en hún gæti ekki áætlað hversu mikið það væri. Þá kannaðist ákærða við að hafa aðstoðað með símgreiðslur fyrir tengdadóttur sína. Ákærða kvað sér ekki kunnugt um að nokkur hefði aðgang að bankareikningi hennar og hún kvaðst sjálf sjá um heimabankann. Þá tæki hún út úr hraðbanka og hefði látið meðákærða X fá reiðufé þegar svo bæri undir. Hún kannaðist ekki við að lagt hefði verið inn á hana, t.d. áður en hún veitti honum lán. Hún kvað meðákærðu Z hafa endurgreitt sér eitthvað en kannaðist ekki við að meðákærði X hefði gert það.

Ákærði Þ kvaðst hafa starfað við byssusmiði í um 15 ár og vera menntaður sem slíkur. Hann hefði einnig keypt og selt skotvopn. Ákærði kvað tengsl sín við meðákærða X hafa verið lítil og þá í gegnum starf sitt. Hefði meðákærði keypt af honum þjónustu og greitt fyrir með reiðufé. Ákærði kvaðst hafa tekið við vopnum hjá meðákærða og skráð þau á sig en ætlunin hefði verið að kaupa þau. Hefði gengið illa að semja við meðákærða. Vopnin væru greidd í dag en ákærði kvaðst ekki muna hvenær hann greiddi þau. Taldi hann kaupverðið hafa verið 1.200.000 krónur. Ákærði kvað aldrei hafa verið rætt um að koma vopnunum undan og framkvæmdin hefði verið venjuleg.

G vísaði að mestu til skýrslu sinnar hjá lögreglu þar sem fram kemur að ákærði X hafi útvegað honum rítalín um árabíl gegn greiðslu. Kvað hann hugsanlegt að hann hefði millifært eitthvað á hann en það hefði þó ekki alltaf verið vegna lyfjakaupa heldur líka vegna annars sem ekki tengdist ólöglegri starfsemi.

Æ staðfesti að hann hefði lánað ákærða X um milljón króna á sínum tíma til bílakaupa en vitnið hefði fengið slysabætur. Ákærði hefði endurgreitt honum að hluta til á árinu 2016 og síðan jafnt og þétt.

Ö kvaðst þekkja ákærða X frá þeim tíma sem hún var í neyslu en þá hefði hún keypt af honum lyf. Hún kvaðst ekki geta sagt til um þá fjárhæð sem hún hefði varið til kaupanna en hún hefði átt í þessum viðskiptum í mörg ár. Hefði hún ýmist greitt honum í reiðufé eða með millifærslu. Hún hefði nú verið edrú í þrjú ár og væri í námi erlendis.

A kvaðst leita til ákærða X þegar hana vantaði far og ýmsa greiða. Hún kannaðist ekki við að hann hefði selt henni rítalín en hann hefði sótt lyf fyrir hana til ónefndra aðila. Ákærði hefði ekki tekið þóknun fyrir heldur verið milligönguaðili. Hún hefði stundum fengið lán hjá ákærða og greitt honum seinna. Borin var undir hana lögregluskýrsla hennar þar sem eftir henni var haft að hún hefði keypt lyf af ákærða um nokkurt skeið. Kvaðst hún hafa svarað „einhvern veginn“ en hún væri í töluverðu rugli sjálf og hefði verið á þessum tíma. Hið rétta væri að hún hefði keypt lyf um árabíl en beint frá ákærða.

B kvað ákærða X hafa aðstoðað hann með því að skutla honum. Ákærði færi í hraðbanka eftir að vitnið millifærði á hann fé fyrir lyfjum sem ákærði nálgadist síðan. Kvaðst hann stundum hafa greitt ákærða fyrir þessa þjónustu ef hann æki honum eitthvað. Þá kvað vitnið ákærða stundum fara í hraðbanka fyrir sig þegar vitnið „nennti ekki“. Vitnið kvaðst ekki muna eftir lögregluskýrslu sinni þar sem hann bar um að hafa keypt lyf af ákærða í fjögur til fimm ár og greitt með millifærslum. Taldi hann rangt með farið í skýrslunni.

C kvað ákærða hafa reynst sér vel fjárhagslega í mörg ár en hún hefði þó ekki keypt lyf af honum. Ákærði hefði lánað henni fé og stundum væri hún edrú og stundum ekki. Vitnið kvaðst ekki geta skýrt hvers vegna hún hefði lagt fé inn á ákærða öðruvísi en að hún hefði verið að greiða peningalán.

D kvaðst ekki kannast við að hafa keypt lyf af ákærða og gat ekki skýrt hvers vegna lyfseðilskort hefði fundist á heimili ákærða á sínum tíma. Taldi hún líklegt að það hefði dottið úr vasa hennar þegar hún heimsótti hann.

E, eigandi [...], kvað ákærða X hafa keypt af sér skotvopn og búnað. Á þeim reikningum sem lægju fyrir vegna viðskipta ákærða kæmi fram að greitt hefði verið með reiðufé. Þá hefði vitnið unnið verðmat á skotvopnum og búnaði sem liggur fyrir í málinu, dagsett 28. nóvember 2019. Vitnið lýsti því hvernig matið var unnið og hvað lagt væri til grundvallar við slíkt mat

F, fyrrum starfsmaður í skotvopnaversluninni [...], kannaðist við ákærða X sem hefði verslað þar. Kvaðst hann muna eftir því að ákærði hefði greitt með reiðufé og einu sinni hefði hann komið með móður sinni sem hefði greitt hluta ríffils. Vitnið taldi ákærða ekki hafa fengið afslátt við kaupin.

Lögreglumadur H stýrði rannsókn máls þessa og kom að öllum atriðum þess að meira eða minna leyti. Lýsti hann rannsókninni í helstu atriðum en fleiri lögreglumenn og sérfræðingar hefðu komið að málinu. Þrjú mál hefðu verið í rannsókn er vörðuðu ákærða X en síðar hefði rannsóknin beinst að ætluðu peningaþvætti. Hefðu þá bæst við ákveðnar rannsóknaraðgerðir, öflun úrskurða, gagnaöflun og fjármálagreining sem hefði vaxið jafnt og þétt. Lýsti vitnið þeirri aðferðafræði sem beitt var við fjármálagreininguna og hvernig einstakir þættir hefðu verið teknir til sérstakrar rannsóknar. Skoðað hefði verið hvort velta hefði verið í samræmi við uppgefnar tekjur og eignamyndun sömuleiðis. Þá hefði notkun reiðufjár verið skoðuð. Í þessu máli hefði eignamyndun ekki verið í neinu samræmi við greiðslugetu. Ákærða hefði verið gefinn kostur á að gefa skýringar og hefði verið tekið tillit til allra innlagna sem áttu sér einhverja stoð, svo sem bóta, lána frá tengdum aðilum eða arfs. Léki nokkur vafi á uppruna greiðslu þá hefði sá vafi verið metinn ákærða í hag. Aðspurður kvað vitnið bráðabirgðafjármálagreiningu hafa legið fyrir áður en gripið var til aðgerða gagnvart ákærða X og m.a. munir í hans eigu og fasteign kyrrsett.

Rannsóknin hefði leitt í ljós að fjármunir hefðu myndast með sölu á lyfseðilsskyldum lyfjum. Mikið hefði verið um innlagnir á ákærða X og jafnframt hefði verið fylgst með ferðum hans. Hefði ótvírætt verið um að ræða ávinning af sölu lyfja í huga vitnisins. Ákærði hefði viðurkennt í skýrslutöku að hann

hefði haft ávinning af sölu og m.a. ráðstafað í vopnasöfnun. Rannsóknin hefði einnig verið samofin rannsókn á fjármálum meðákærðu Z og Y. Hefði hún skilað þeirri niðurstöðu að óútskýrðar tekjur þeirra hefðu stafað af ávinningi af brotum ákærða X.

Þar sem fram hefði komið í framburði ákærða X að hann hefði ráðstafað ávinningi af lyfjasölu í vopnakaup hefði ekki verið talið stætt á öðru en að „elta“ þá muni. Engin millifærsla hefði átt sér stað á milli ákærða og meðákærða Þ heldur aðeins skráning um eigendaskipti.

Fyrir dóminn komu *lögreglumenn nr. I, J, K og L* sem komu að rannsóknaraðgerðum í aðdraganda og við handtöku ákærðu. Sá síðastnefndi kvaðst hafa komið að símhlerun og hlustað á samtöl í rauntíma. Mikið hafi verið rætt um sölu og kaup lyfja en stundum talað undir rós. Hefði það þó verið skýrt í hans huga að raunverulega væri rætt um sölu lyfseðilsskyldra lyfja. Þá hefði verið haft eftirlit með ákærða og í nokkrum tilvikum höfð afskipti af aðilum eftir að viðskipti áttu sér stað.

*Lögreglumenn nr. M, N, O og P* lýstu aðkomu sinni að rannsókn málsins, m.a. við húsleit á heimili ákærða X að [...]. Vitni nr. M lýsti því að ítrekaðar ábendingar hefðu borist lögreglu um lyfjasölu ákærða og beindist rannsóknin því upphaflega að ætlaðri lyfjasölu. Lýsti vitnið því hvar lyf og vopnabúnaður fannst á heimilinu en vísaði að öðru leyti til skýrslu lögreglu. Vitni nr. O var sérstaklega spurt um símtal til ákærða Þ í júlí til þess að óska eftir því að hann afsalaði sér byssum en vitnið kvaðst ekki muna eftir því samtali. Skýrsla var tekin að nýju af vitninu, sem greindi þá svo frá að hafa eftir skýrslutökuna séð að hann hefði ritað í bókunarkerfi lögreglu að í samtali við ákærða Þ í síma hefði hann neitað að afsala sér vopnunum og sagst hafa keypt þau. Vitnið kvaðst ekki muna eftir því sem fram fór að öðru leyti.

*Lögreglumaður nr. Q* staðfesti upplýsingaskýrslu sína sem liggur fyrir í málinu um samantekt samskipta er tengdust ætlaðri sölu lyfja og milligöngu fjármuna.

*Lögreglumaður nr. R* kvaðst hafa skoðað vopn sem haldlögð voru undir rannsókn málsins. Hann kvaðst þekkja ákærðu X og Þ en báðir hefðu fengið skotvopnaleyfi hjá honum. Kvað vitnið sér kunnugt um að ákærði X hefði verið sviptur skotvopnaleyfi sínu. Hann kvaðst ekki muna sérstaklega eftir því að ákærði hefði leitað eftir ráðum til hans um hvað gera skyldi við vopnin. Mögulegt væri þó að hann hefði vísað honum á ákærða Þ enda nauðsynlegt að einhver með skotvopnaleyfi eignaðist byssurnar eftir löglegum leiðum. Almennt væri best að ganga frá eigendaskiptum sem fyrst og lýsti vitnið hvernig það gengi fyrir sig. Staðfesti vitnið að það hefði svo komið í hans hlut að sjá um eigendaskiptin fyrir ákærða Þ sem virtist uppfylla öll nauðsynleg skilyrði til að eignast byssur. Kaupverð vopna fylgi ekki umsókn um skotvopnaleyfi og hann vissi því ekkert um greiðslufyrirkomulag.

*Lögreglumaður nr. P* lýsti aðkomu sinni að rannsókn málsins, m.a. handtöku ákærða X. Þá kvaðst hann hafa komið að skýrslutöku af ákærða Þ en á þeim tíma hefði fjármálarannsókn verið í gangi og verið talið mögulegt að skráning vopna yfir á ákærða hefði verið til málamynda. Hefði vitnið verið sent til þess að sækja skotvopnin hjá honum. Hefði það verið ætlun lögreglu að rannsaka málið frekar en á meðan yrðu vopnin í vörslum lögreglu.

*Lögreglumaður nr. S* lýsti aðkomu sinni að rannsókn málsins, m.a. að skýrslutökum í málinu. Kannaðist hann við að hafa hringt í ákærða Þ vegna skotvopna og ritaði samantekt þeirrar skýrslu. Kvað vitnið grunsemdir hafa verið um að hann geymdi byssur fyrir ákærða X og vafalaust hefði tilgangur samtalsins verið að komast að því. Hann kvaðst ekki muna í dag hvaða réttarstöðu ákærði hafði.

*Lögreglumaður nr. T* kom að vinnu í tengslum við greiningarskýrslur og upplýsingaskýrslur vegna tiltekinna þátta rannsóknarinnar og aflaði gagna er að þeim lutu. Lýsti vitnið aðferðafræði í tengslum við þá vinnu. Hann kvaðst ekki geta skýrt hvers vegna skýrslurnar væru ódagsettar og óundirritaðar en um „lifandi skjal“ hefði verið að ræða sem hefði verið í áframhaldandi vinnslu. Hefði vitnið verið að vinna í skýrslunum um haustið 2020.

*Lögreglumaður nr. U* kvaðst hafa komið að rannsókn málsins í janúar 2020 og hefði þeirri vinnu lokið ári síðar. Hefði hlutverk vitnisins verið að sækja gögn og vinna niðurstöður í skýrslur og setja upp í greiningu á fjármálum ákærðu. Lýsti vitnið aðferðafræðinni við þá vinnu og hvað hún hefði leitt í ljós í meginatriðum. Hefði sú rannsókn m.a. leitt í ljós reiðufjárinnlagnir á meðákærðu Y áður en hún tók út af reikningnum eða ráðstafaði fé til meðákærða. Vitnið kvaðst hafa unnið skýrslur sínar frá grunni en vinna við þær hefði verið tímafrek og tekið meira en ár.

V. eiginkona ákærða Þ, kvaðst hafa verið viðstödd er meðákærði X kom og afhenti ákærða vopn en hann hefði ekki getað tekið við öllu í það skipti. Þá bar vitnið um símtal er lögreglumaður hefði hringt og viljað ná tali af ákærða. Sá hefði viljað að ákærði afsalaði sér byssunum, ella yrði hann ákærður fyrir peningaþvætti og fengi dóm.

### III.

#### Niðurstaða

##### I. kafli ákæru

Ákærða X er gefið að sök brot gegn lögum um um ávana- og fíkniefni og lyfjalögum.

Við upphaf aðalmeðferðar óskaði sækjandi að bókuð yrði leiðrétting á dagsetningu í verknaðarlýsingu ákæru er lögregla handtók ákærða við [...] í Reykjavík. Rétt dagsetning væri 6. mars 2019, eins og gögn bæru með sér, en ekki 4. mars 2019. Leiðréttingu þessari var komið að með bókun í þingbók án athugasemda ákærða. Um augljósa villu er að ræða og að vörnum ákærða er ekki áfátt af þessum sökum.

Krafa ákærða um sýknu lýtur m.a. að því að ákæran uppfylli ekki skilyrði 1. mgr. 152. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Ekki er krafist frávísunar af þessum ástæðum en á það er bent að ágallinn kunnir að leiða til frávísunar án kröfu. Í fyrsta lagi telur ákærði að verknaðarlýsing í ákærunni sé óskýr og torveldi varnir hans. Í dómaframkvæmd Hæstaréttar og Landsréttar hafa fyrirmæli c-liðar 1. mgr. 152. gr. laga nr. 88/2008 verið skýrð svo að lýsing á háttsemi sem ákærða er gefin að sök í ákæru verði að vera það greinargóð og skýr að hann geti ráðið af henni hvaða háttsemi hann er sakaður um og hvaða ákvæði refsilaga hann er talinn hafa gerst brotlegur við. Mega ekki vera slík tvímæli um hverjar sakargiftir eru að ákærða verði með réttu talið torvelt að taka afstöðu til þeirra og halda uppi vörnum. Ákæra verður því að vera það skýr að dómara sé kleift af henni einni að gera sér grein fyrir hvað ákærði er sakaður um og hvernig sú háttsemi verður talin refsiverð enda verður ákærði ekki sakfelldur fyrir aðra hegðun en þar greinir, sbr. 1. mgr. 180. gr. laga nr. 88/2008. Þá er ljóst af dómaframkvæmd að það veltur á atvikum máls og eðli þess brots eða brota hvaða nánari kröfur verða gerðar samkvæmt framansögðu til skýrleika ákæru.

Í verknaðarlýsingu er gerð grein fyrir þeirri háttsemi sem ákærða er gefin að sök, þ.e. sala og afhending lyfseðilsskyldra lyfja og ávana- og fíknilyfja, og á hvaða tímabili hin ætlaða brotastarfsemi átti sér stað, nánar tiltekið frá árinu 2013 til 6. mars 2019. Þá eru tilgreind þrjú tilvik þar sem höfð voru afskipti af ákærða þar sem hann hafði nánar tilgreind lyf í vörslum sínum í framangreindu skyni, síðast 6. mars 2019. Verður verknaðarlýsingin ekki skilin á annan veg en þann að ákærða sé gefið að sök að hafa haft sömu lyf og fundust í hans fórum til sölu innan framangreinds tímabils.

Í málum af þeim toga að ákært er fyrir refsiverð brot sem staðið hafa um nokkurt skeið og eftir atvikum beinst að ótilteknum fjölda einstaklinga er hefðbundið að verknaðarlýsing sé orðuð með þeim hætti sem í máli þessu, þ.e. án nákvæmrar tímasetningar brota og án þess að tilgreina kaupendur og viðtakendur efna. Uppfyllir framsetning þessi kröfur um skýrleika ákæru.

Með vísan til framangreinds fellst dómurinn ekki á kröfu ákærða um sýknu á grundvelli framangreindra sjónarmiða enda ekki fyrir hendi þeir ágallar á ákærunni að ákærða sé ókleift að ráða af henni hvaða refsiverðu háttsemi hann er sakaður um og taka afstöðu til sakargifta. Þá hefur vörnum ákærða ekki verið áfátt hvað þetta varðar.

Ákærði reisir kröfu sína um sýknu enn fremur á því að með því að saksækja ákærða nú sé verið að saksækja hann tvívegis fyrir sömu háttsemina. Brjóti það gegn reglu þeirri sem lögfest er í 1. mgr. 4. gr. 7. samningsviðauka við mannréttindasáttmála Evrópu eða ne bis in idem-regluna.

Til þess er að líta að ákærði var með dómi Hæstaréttar 16. október 2014 í máli nr. 193/2014 dæmdur í sjö mánaða fangelsi fyrir að hafa þann 15. október 2013 selt nafngreindum einstaklingi lyfið Ritalin og átt tiltekið magn lyfsins í sölu- og dreifingarskyni. Þá var ákærði með dómi Hæstaréttar 11. maí 2017 í

máli nr. 451/2016 dæmdur í þriggja mánaða fangelsi fyrir að hafa átt Ritalin- og Ritalin Uno-töflur í sölu og dreifingarskyni 14. janúar 2016 á heimili sínu.

Eins og áður greinir er ákærða gefið að sök að hafa framið brot sín allt frá árinu 2013 og til 6. mars 2019. Framangreind brot ákærða, sem hann var sakfelldur fyrir, voru framin innan þess tímabils. Þau brot eru ekki til efnislegrar umfjöllunar nú, þó þau séu sambærileg þeim sem honum eru gefin að sök nú. Í dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu er við það miðað að um sama brot sé að ræða, ef sömu eða að öllu leyti sambærileg atvik liggja til grundvallar endurtekinni saksókn eða refsingu. Fellst dómurinn því ekki á að saksókn þessi og málsmeðferð brjóti í bága við 1. mgr. 4. gr. 7. sammingsviðauka við mannréttinasáttmála Evrópu.

Ákærði viðurkenndi í skýrslutöku fyrir dómi að hafa selt lyfseðilsskyld lyf eða haft einhvers konar milligöngu um að afla lyfjanna og stundum þegið þóknun fyrir. Taldi hann ávinning sinn umrætt tímabil hafa numið um 4.000.0000 króna. Kvaðst hann hafa keypt lyfin af aðilum sem hann vildi ekki nafngreina. Þá staðfesti ákærði framburð sinn í skýrslutöku hjá lögreglu 1. nóvember 2018 þar sem hann viðurkenndi sölu á lyfjum undanfarin ár og að hafa haft af því tekjur. Var það fyrst þegar liðið var á skýrslutökuna og honum kynnt að fram hefði farið skygging og hlustun á farsíma hans, að hann viðurkenndi háttsemina.

Þá hafði lögregla afskipti af ákærða í þrjú nánar tilgreind skipti þar sem aðstæður voru með þeim hætti, annars vegar á vettvangi og hins vegar við húsleit, að ljóst má vera að ákærði ætlaði lyfin sem fundust til sölu og dreifingar.

Í málinu liggja fyrir gögn sem aflað var undir rannsókn málsins og sýna að fjöldi einstaklinga millifærði greiðslur inn á reikning ákærða á rannsóknartímabilinu. Þá voru sérstaklega könnuð samskipti einstaklinga við ákærða þar sem lyf bar á góma eða annað sem varðaði innheimtu á skuldum. Nokkur vitni komu fyrir dóminn og báru um tengsl sín við ákærða sem höfðu í sumum tilvikum verið langvarandi. Drógu nokkur vitnanna úr framburði sínum hjá lögreglu og kváðust ekki hafa keypt lyf af ákærða heldur að hann hefði haft milligöngu um söluna eða verið þeim til annars konar aðstoðar. Sjá mátti að ástand sumra vitnanna var mjög bágborið. Við mat á sönnunargildi framburðar vitnanna lítur dómurinn til 126. gr. laga nr. 88/2008. Dómurinn telur framangreind umskipti í framburði vitnanna ekki trúverðug og leggur skýrslu þeirra hjá lögreglu til grundvallar, sbr. 2. mgr. 111. gr. laga nr. 88/2008. Framburður vitnansins Ö hefur þó verið stöðugur. Hefur hún sýnilega engra hagsmuna að gæta og var trúverðug er hún bar um fyrri samskipti sín við ákærða. Verður ekki fallist á með ákærða að þörf hafi verið að fá alla þá einstaklinga eða fleiri fyrir dóminn sem voru í samskiptum við hann eða lögðu inn á hann fé vegna ætlaðrar lyfjasölu, enda liggja fyrir skjalgleg gögn og metur dómurinn sönnunargildi þeirra, sbr. til hliðsjónar dóm Landsréttar frá 27. maí 2011 nr. 241/2021.

Hvað varðar brot ákærða á tímabilinu fram að því að framangreind rannsókn hófst, liggur fyrir að ákærði var með framangreindum dómum Hæstaréttar í málum nr. 193/2014 og 451/2016 sakfelldur fyrir brot sem áttu sér stað annars vegar 15. október 2013 og hins vegar 14. janúar 2016. Með hliðsjón af þessu lítur dómurinn svo á að upphafstími meintra brota ákærða sé ekki fyrir en eftir 15. október 2013.

Ákærvaldið byggir á því að ákærði hafi þrátt fyrir framangreindar sakfellingar ekki látið af háttsemi sinni. Rannsóknargögn sýni að aðferðir hans séu enn þær sömu auk þess sem gögn í málinu sýni umfang lyfsölu hans.

Dómurinn metur framburð ákærða um allt sem viðkemur sölu og afhendingu hinna lyfseðilsskyldu lyfja ótrúverðugan. Leitaðist hann við að fegra tilgang þessarar háttsemi en þær skýringar eru að engu hafandi. Þá voru einkar ótrúverðugar skýringar hans á millifærslum hinna ýmsu aðila á reikninga hans. Verður ekki annað séð af gögnum, og þá sérstaklega samskiptum ákærða við einstaklinga vegna lyfja, en að hann hafi gengið ákveðið eftir greiðslu, þó hann hafi endrum og eins veitt greiðslufrest.

Með vísan til framangreinds telur dómurinn sannað að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök.

Ákærði byggir á því að háttsemi hans eigi ekki undir þau ákvæði lyfjalaga sem vísað er til í ákæru. Þá verði hún ekki heimfærð undir nánar tilgreind ákvæði laga nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni og reglugerð nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 808/2018.

Fram kemur í 1. mgr. 3. gr. laga nr. 65/1974 að ráðherra sé heimilt að ákveða í reglugerð að efni sem ekki falla undir 2. gr. laganna, en geta haft hættu í för með sér vegna eiginleika þeirra sem ávana- og fíkniefna og eru skráð sem slík í alþjóðasamningum, megi aðeins nota hér á landi í læknisfræðilegum og vísindalegum tilgangi. Sama er um efni sem vísindalegar rannsóknir benda til að hafi slíka hættu í för með sér. Þá er í 2. mgr. ákvæðisins að finna upptalningu á hvers konar meðferð og vörslu efna sem greinir í 1. mgr. sem aðeins er heimil þeim sem þar eru tilgreindir og þeim sem hafa sérstakt leyfi Lyfjastofnunar. Að öðru leyti er inn- og útflutningur, sala, kaup, skipti, móttaka framleiðsla, tilbúningur og varsla efnanna bönnuð samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins.

Samkvæmt 1. gr. I. kafla reglugerðar nr. 233/2001 um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni tekur hugtakið ávana- og fíkniefni einnig til ávana- og fíknilyfja sem eru þau lyf sem ætla má að hafi skaðleg áhrif vegna fíkni- eða ávanahættu, enda geti þau vegna eiginleika sinna valdið því að notandi þeirra verði háður þeim vegna vanabindingar eða líkamlegrar fíknar. Lyf sem innihalda ákveðin virk efni, sem m.a. eru tilgreind á fylgiskjali með reglugerð nr. 808/2018, eru skilgreind sem ávana- og fíkniefni og háð lyfsöluleyfi. Þau lyf sem eru bönnuð á íslensku yfirráðasvæði og sérmerkt sem bannlyf (B) í reglugerð þurfa sérstaka undanþágu skv. 2. gr. reglugerðarinnar. Lyfin sem tilgreind eru í verknaðarlýsingu I. kafla ákæru og innihalda efni sem eru merkt NI, PII eða PIV má samkvæmt 6. gr. reglugerðarinnar aðeins flytja inn eða út, framleiða og selja í heildsölu að fengnu leyfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Eftir útgáfu reglugerðar nr. 808/2018 var sú breyting gerð að lyf með innihaldsefnið metylphenydate er nú bannlyf.

Eins og nánar greinir í 1. mgr. 33. gr. lyfjalaga er einungis heimilt að selja almenningi lyf á grundvelli lyfsöluleyfis sem Lyfjastofnun veitir eða hefur verið veitt undanþága samkvæmt IX. kafla lyfjalaga nr. 100/2020. Þá er þeim einum heimilt að miðla lyfjum sem skráður er lyfjamiðlari hjá Lyfjastofnun, sbr. 1. mgr. 31. gr. laganna.

Lögin gera ráð fyrir því að sækja þurfi um markaðsleyfi eða önnur leyfi vegna lyfja til Lyfjastofnunar. Markaðsleyfishafi er því sá aðili sem hefur öðlast heimild til að markaðssetja lyf en ráðherra kveður nánar á um veitingu markaðsleyfa fyrir lyf í reglugerð, sbr. 20. og 21. gr. laga nr. 100/2020.

Fyrir liggur að ákærði hafði engar þær heimildir eða höfðu honum verið veittar undanþágur sem lyfjalög áskilja til þess að selja og afhenda lyf. Eru brot hans rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæru. Til hliðsjónar má vísa til dóms Hæstaréttar 11. maí 2017 í máli nr. 451/2016.

## II. kafli ákæru

Fyrir liggur að handjárn og raflostbyssa fundust á heimili ákærða aftan við falskan lista í forstofuskáp. Ákærði gaf þá skýringu fyrir dómi að raflostbyssan hefði verið ónýt en handjárnin hefðu verið í eigu manns sem ákærði nafngreindi með gælunafni.

Handjárn og raflostbyssa falla undir gildissvið vopnalaga, sbr. e-lið 1. mgr. 2. gr. vopnalaga. Ósannað er að handjárnin hafi verið í eigu annars en ákærða sjálfs og sömuleiðis að raflostbyssan hafi verið ónýt. Voru munirnir í vörslum ákærða og verður hann sakfelldur fyrir það. Brot ákærða eru rétt heimfærð undir c-lið 2. mgr. 30. gr., 4. mgr. 30. gr., sbr. 36. gr., vopnalaga nr. 16/1998.

Ákærða er einnig gefið að sök að hafa haft í vörslum sínum skotfæri, hleðslupúður fyrir skotfæri, riffilbolta, tvo óskráða hljóðdeyfa, tvö riffilskefti og tvö gikkverk í riffil. Fyrir liggur að ákærði hafði framangreint ekki í sérstökum læstum hirslum.

Í 1. mgr. 2. gr. vopnalaga er að finna upptalningu vopna sem frumvarpinu er ætlað að taka til. Þá segir í 2. mgr. að ákvæði laganna gildi einnig um einstaka hluta þeirra efna og tækja sem tilgreind eru í 1. mgr., svo sem láshús, hlaup, hvellhettur og púður. Í athugasemdum um ákvæðið í greinargerð kemur fram að með þessu sé átt við einstaka hluta skotvopna og er framangreind upptalning í dæmaskyni. Ekki er skilyrði að hver hlutur hafi hættueiginleika og er ekki fallist á með ákærða að túlka beri ákvæðið svo. Telur dómurinn því ljóst að eign og þar með vörslur og meðferð skotfæra og fylgihluta vopna, þar með talið hljóðdeyfa, sé háð skotvopnaleyfi en almenn ákvæði um meðferð skotvopna og skotfæra, svo sem

leyfisveitingu og skilyrði leyfis, er að finna í III. kafla vopnalaga. Ákærði heldur því fram með vísan til dóms Hæstaréttar 6. febrúar 2014 í máli nr. 457/2013 að honum sé heimilt að eiga hljóðdeyfa. Síðan sá dómur féll hafa verið gerðar breytingar á vopnalögum og reglugerð um skotvopn og skotfæri nr. 787/1998 þar sem m.a. er skerpt á reglum er varða hljóðdeyfa og skráningu þeirra.

Með vörslum á skotfærum og framangreindum hlutum skotvopna án skotvopnaleyfis braut ákærði gegn 1. mgr. 12. gr. vopnalaga. Þá er ljóst að varðveisla framangreinds var ekki í samræmi við 23. gr. vopnalaga. Telst læst herbergi eða bílskúr ekki vera viðeigandi vopnageymsla og skulu skotfæri og skotvopn geymd í aðskildum læstum hirslum. Verður ákvæðið ekki skilið á annan hátt en svo að skotfæri skuli vera í slíkri hirslu hvort sem vopnið er geymt í sama rými eða ekki. Fallist er á með ákærða að háttsemi hans verði ekki felld undir 4. mgr. 4. gr. vopnalaga en að öðru leyti er hún rétt heimfærð til refsíákvæða.

Af hálfu ákærvaldsins var, eins og áður segir, fallið frá III. og IV. kafla ákæru.

## **V. kafli ákæru**

### **Ákæruliður 1**

Ákærðu X og þáverandi eiginkonu hans, Z, er samkvæmt 1. lið ákæru gefið að sök peningþvætti á tímabilinu 28. september 2012 til 30. október 2018, með því að hafa „tekið við, nýtt, umbreytt, afhent og/eða aflað sér ávinnings“ allt að tiltekinni fjárhæð með sölu og dreifingu ákærða X á ótilteknu magni lyfja, sbr. I. kafla ákæru, og eftir atvikum með öðrum ólögumætum og refsiverðum hætti.

Ákærðu Y er samkvæmt ákærulið 2 gefin að sök sama háttsemi og er tími ætlaðra brota hennar sá sami, allt að tiltekinni fjárhæð og rakið til refsiverðra brota meðákærða X.

Ákærðu krefjast aðallega sýknu á þeim grunni að ákæruliður þessi uppfylli ekki skilyrði c-liðar 1. mgr. 152. gr. laga nr. 88/2008. Í fyrsta lagi sé upptalning í ákæru á ráðstöfunum ætlaðs ávinnings af refsiverðum brotum ákærða valkvæð og í öðru lagi skorti lýsingu athafna til viðbótar við þá háttsemi ákærða sem tilgreind er í I. kafla ákæru.

Framangreind upptalning ráðstafana vísar til þeirra verknaðarþátta sem tilgreindir eru í verknaðarlýsingu 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga sem hver og einn getur verið sjálfstætt peningþvættisbrot en auk þess er í ákvæðinu lýst háttsemi þar sem einn verknaðarþáttur getur tekið við af öðrum og myndað brotaheild sem virða beri sem eitt brot. Vísast í þessu sambandi til dóms Hæstaréttar 25. mars 2021 í máli nr. 29/2020. Þessi framsetning í ákæru veldur því ekki ein og sér að verknaðarlýsing ákæru teljist vera óskýr og í andstöðu við c-lið 1. mgr. 152. gr. laga nr. 88/2008 heldur ber að skoða hana í samhengi við I. kafla ákæru þar sem frumbrotum ákærða er lýst og vísað til þess að ákærðu hafi aflað sér ávinnings með sölu og dreifingu á ótilteknu magni lyfja. Meta þarf eftir atvikum hversu nákvæm sú lýsing í ákæru þurfi að vera til að skilyrðum framangreinds ákvæðis sé talið fullnægt.

Meint peningþvættisbrot ákærðu er afmarkað í tíma í ákærunni auk þess sem vísað er til þeirrar háttsemi sem ákært er fyrir, eins og áður segir, heitis þess að lögum og brot þeirra heimfærð undir 1. mgr., sbr. 2. mgr., 264. gr. almennra hegningarlaga. Í ákærunni er auk þessa yfirlit yfir rekjanlegar tekjur og útgjöld ákærðu á tímabili meintra brota og vísað til þess að þau hafi ekki gefið trúverðugar skýringar um lögmeta meðferð þeirra á fjárhæð sem er umfram uppgefnar og rekjanlegar tekjur, og kölluð er neikvæður líffeyrir.

Með vísan til framangreinds telur dómurinn verknaðarlýsingu í ákæru fullnægjandi. Af henni verður ráðið um hvaða háttsemi ákærðu eru sökuð, hvernig sú háttsemi er talin refsiverð og að hvaða fjármunum hún lúti. Hefur vörnum ákærðu ekki verið áfátt í málinu vegna framsetningar í ákærunni. Til hliðsjónar vísast til dóms Hæstaréttar í máli nr. 28/2021 frá 25. nóvember 2021 og dóma Landsréttar í máli nr. 39/2020 frá 18. júní 2021 og máli nr. 499/2020 frá 20. maí 2022.

Í 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 er kveðið á um að hver sem tekur við, nýtir eða aflar sér eða öðrum ávinnings af broti á lögnum eða af refsiverðu broti á öðrum lögum, eða meðal

annars umbreytir slíkum ávinningi, flytur hann, sendir, geymir, aðstoðar við afhendingu hans, leynir honum eða upplýsingum um uppruna hans, eðli, staðsetningu eða ráðstöfun ávinnings skuli sæta fangelsi allt að 6 árum. Samkvæmt 2. mgr., sem tekur til þess sem nefnt hefur verið sjálfsþvætti, skal sá sem framið hefur frumbrotið og fremur jafnframt brot samkvæmt 1. mgr. sæta sömu refsingu og þar greinir og ákvæði 77. gr. laganna gildi þá eftir því sem við eigi.

Ítarlega hefur verið fjallað um forsögu, tilgang og skýringu 264. gr. almennra hegningarlaga í dómum Hæstaréttar og Landsréttar eftir að gildissvið ákvæðisins var fært til núverandi horfs með lögum nr. 149/2009, m.a. í dómum Hæstaréttar í máli nr. 29/2020 frá 25. mars 2021 og máli nr. 33/2021 frá 13. apríl 2022. Gildissvið 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga var með breytingunni rýmkað verulega og tekur það nú jafnt til brota á þeim lögum sem og til refsiverðra frumbrota á öðrum lögum að uppfylltum hlutlægum og huglægum efnisskilyrðum ákvæðisins. Sérstaklega er tekið fram að markmið lagabreytingarinnar sé að gera ákvæðið skýrara með því að tiltaka sérstaklega þær verknaðaraðferðir sem peningaþvættisbrot taki til. Tekið er fram að við túlkun einstakra verknaðarþátta yrði sem fyrr að horfa til þess að peningaþvætti væri í meginráttum hver sú starfsemi sem lyti að því að fela uppruna og eiganda fjár sem væri ávinningur af brotastarfsemi. Meginmarkmiðið væri að gera starfsemina refsiverða og höggva að rótum afbrota með því að uppræta aðalhvata þeirra, þann ávinning sem af þeim kynni að leiða. Með lögum nr. 149/2008 var einnig lögfest ákvæði um sjálfsþvætti í 2. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga. Fram kemur í athugasemdum í greinargerð með frumvarpinu að þar sem frumbrot og síðar tilkomið sjálfsþvætti af ávinningi sem af því stafaði yrðu tvö sjálfstæð brot væri áréttað að 77. gr. almennra hegningarlaga gildi eftir því sem við ætti.

Samkvæmt framansögðu er ljóst að leynd er ekki hugtaksskilyrði peningaþvættisákvæðisins þó að markmið peningaþvættis sé augljóslega að leyna ólögætum ávinningi. Ákærðu er gefið að sök peningaþvætti sem lýtur að meðferð þeirra á fjármunum umfram rekjanlegar tekjur, þ.e. á samanlögðum reiknanlegum neikvæðum lífeyri þeirra að fjárhæð. 84.449.883 kr. sem talið er að þau hafi ekki gefið trúverðugar skýringar á. Eins og áður greinir er á því byggt að ávinningur þeirra sé afrakstur lyfsölubrota ákærða eða eftir atvikum annarrar ólögættrar háttsemin hans. Ákærðu voru gift og samsköttuð allt tímabilið.

Með vísan til umfjöllunar um I. kafla ákæru er sannað að ákærði X hafði með höndum sölu og afhendingu á lyfjum. Honum er í þessum kafla ákæru jafnframt gefið að sök sjálfsþvætti sem talið er hafa átt sér stað á tímabilinu frá 28. september 2012 til 30. október 2018 eða á tæplega sex árum. Upphafstími er daginn eftir lyfsölu- og peningaþvættisbrot sem ákærði var sakfelldur fyrir með dómi Hæstaréttar 6. febrúar 2014 í máli nr. 457/2014. Lyfsölubrot ákærða var framið 27. september 2012 en peningaþvættið „um nokkurt skeið fram til 27. september 2012“. Er ekki fallist á með ákærða að tímabil meints peningaþvættis þurfi að falla saman við frumbrot enda er peningaþvætti sjálfstætt brot, eins og áður er rakið.

Ákærði hefur hafnað því að háttsemin hafi skilað honum ávinningi nema að takmörkuðu leyti. Hvíllir sönnunarbyrði á ákæruvaldinu um að ávinningur sem ákæra málsins lýtur að stafi af refsiverðum brotum.

Í greiningu lögreglu á fjármálum ákærða X kemur fram að hann hafi ráðstafað umtalsverðum fjármunum umfram uppgefnar tekjur eða allt að 77.173.363 kr. Skattframtöl ákærða vegna tekjuráranna 2012–2018 sýna að uppgefnar tekjur ákærða námu samtals 28.555.163 kr. Hlutfallaðar rekjanlegar tekjur fyrir það tímabil sem fjármálagreiningin náði til námu samtals 26.428.225 kr. og aðrar tekjur samkvæmt bankareikningum voru 4.015.014 kr. eða samtals 30.443.239 kr. Rekjanleg útgjöld ákærða á tímabilinu námu alls 107.616.603 kr. Samkvæmt þessu voru útgjöld umfram rekjanlegan tekjur, eins og áður greinir, 77.173.364 krónur og leiddi rannsókn lögreglu í ljós að þau voru að stærstum hluta fjármögnuð með innborgunum frá einstaklingum á bankareikninga ákærða og með reiðufjárnotkun.

Innstæður ákærða á fimm bankareikningum voru jákvæðar í lok hvers árs en voru engar í byrjun rannsóknartímabilsins, nema á fyrsta reikningnum, og engin í lok rannsóknartímabilsins í öllum tilvikum. Þannig var innstæða á bankareikningi [...] í byrjun tímabilsins 331.339 kr. Þá námu innborgarnir samtals

57.477.231 kr. og útborgarnir 58.285.392 kr. Af sundurliðun þessara greiðslna má sjá að millifærslur á milli eigin reikninga ákærða voru samtals 50.036.527 kr. og innborgarnir frá einstaklingum, sem eru 99 talsins, nema 5.550.114 kr.

Bankareikningur [...] sýnir flestar og hæstar innborganir sem ákærði fékk á greiningartímabilinu, eða 60.998.289 kr., en útborganir námu sömu fjárhæð. Á tímabilinu eða árið 2012 fékk ákærði 2.000.000 kr. greiðslu vegna bóta frá ríkissjóði og arf að fjárhæð 783.578 árið 2012. Greiðslur frá 4.298 einstaklingum voru samtals að fjárhæð 56.915.579 kr. en meðalupphæð þeirra nam 13.242 kr. Til að mynda lagði vitnið G inn á reikninginn 5.392.036 kr. í 286 færslum. Reiðufjárúttektir á tímabilinu voru samtals 1.848.000 kr., millifærslur á milli eigin reikninga námu samtals 26.732.955 kr. og hraðbankaúttektir 20.616.000 kr.

Innborgarnir á reikning [...] námu samtals 19.892.229 kr. en útborganir samtals 19.906.557 kr. Um var að ræða innborganir frá einstaklingum eða sex greiðslur að meðaltali 16.750 kr., samtals að fjárhæð 100.500 kr., millifærslur af öðrum reikningum ákærða, vaxtatekjur og frá Tryggingastofnun o.fl. 19.749.162 kr. Hæstu útborganir af reikningnum voru samtals 15.685.620 kr. sem millifærðar voru á eigin reikninga

Á reikning [...] námu inn- og útborganir samtals 3.201.947 kr. Af þessari upphæð námu millifærslur milli eigin reikninga 3.110.000 kr. Af reikningum námu reiðufjárúttektir 2.000.0000 kr. og hraðbankaúttektir 469.500 kr.

Þá sýndi reikningur [...] inn- og útborganir samtals 11.797.653 kr. Hæsta fjárhæðin, 8.279.355 kr., er tilkomin vegna íbúðar sem ákærði erfði eftir föður sinn árið 2013. Innborganir frá einstaklingum námu 2.061.109 kr. og millifærslur milli eigin reikninga voru 1.072.000 kr. Af reikningnum voru millifærðar á eigin reikninga 9.482.538 kr., hraðbankaúttektir 1.426.000 kr. en millifærslur á einstaklinga námu kr. 475.000 kr.

Samkvæmt framangreindu og þess sem nánar er rakið í upplýsingaskýrslum sem bera nafnið „Greiðslur og samskipti. Tengsl“ og „Myndræn framsetning frá völdum einstaklingum“ fékk ákærði tíðar innborganir frá einstaklingum samtals að fjárhæð 64.627.302 kr. með alls 4500 færslum. Millifærslur ákærða til einstaklinganna námu samtals 6.915.166 krónum. Fjárhæð einstakra greiðslna var allt að 50.000 kr. Flestar fjárhæðir voru lágar eða allt að 5000 kr. en fjárhæðir þar fyrir ofan venjulega í sléttum tölum. Í upplýsingaskýrslunni er fjallað um þá einstaklinga sem lögðu inn á bankareikninga ákærða og voru jafnframt í samskiptum við hann varðandi lyf og í sumum tilvikum innheimtu á skuldum. Ekki liggur fyrir hversu margir einstaklinganna hafa komið við sögu lögreglu eða eiga að baki sakaferil. Við mat á sönnunargildi framburðar þeirra er litið til 126. gr. laga nr. 88/2008 og vísast til umfjöllunar um þetta atriði í I. kafla ákæru.

Rannsóknargögn bera jafnframt með sér að ákærði átti í viðskiptum sem ákæruvaldið færir rök fyrir að hafi verið fjármögnuð að hluta eða öllu með reiðufé. Um sé að ræða kaup á gjaldeyri, kaup á fasteigninni [...], bifreiðum, kaup á vopnum, símgreiðslur, haldlagt fé og endurgreiðslu láns að fjárhæð 1.000.000 til vitnisins Æ.

Sönnunarbyrði um að ávinningur sem ákæra lýtur að stafi af refsiverðum brotum hvílir á ákæruvaldinu. Dómaframkvæmd ber með sér að það nægir að sanna að útilokað sé að ávinningur sé til kominn á lögmætan hátt og það feli ekki í sér að sönnunarbyrði sé lögð á ákærða í andstöðu við meginreglu 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar og 2. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. til hliðsjónar m.a. dóma Hæstaréttar 8. nóvember 2001 í máli nr. 200/2001 og 25. nóvember 2021 í máli nr. 28/2021 og dóma Landsréttar 18. júní 2021 í máli nr. 39/2020 og 27. maí 2022 í máli nr. 241/2021.

Í þessu sambandi ber að hafa í huga að þekkt aðferð við peningþvætti er að blanda ávinningi brota saman við löglega fengið fé í því skyni að fela hið fyrrnefnda, að millifæra fjármuni á milli bankareikninga eða umbreyta fjármunum, t.d. með kaupum á eignum, allt án leyndar.

Dómurinn metur framburð ákærða hvað varðar umfang ávinnings af lyfjasölu og meðferð fjár sem stafar af ólögumtri háttsemi hans ótrúverðugan og í engu samræmi við gögn málsins. Þau sýna að ákærði hafði til ráðstöfunar verulegt reiðufé sem hann kannast við að hluta en hefur ekki getað gefið trúverðugar skýringar á uppruna þess. Þá bar ákærði fyrir dómi að hann hefði varið fjármunum sem fengnir voru fyrir

lyfjasölu til kaupa á vopnum. Dró hann verulega úr framburði sínum hjá lögreglu þar sem hann var afdráttarlaus um þetta atriði. Þykja breyttar skýringar ákærða ótrúverðugar og er lagt til grundvallar að ákærði hafi varið hluta þessara fjármuna til vopnakaupa. Matsverð vopna liggur fyrir í gögnum og greiðslumáti en þau voru nær öll greidd með reiðufé.

Ákærða og meðákærðu Y ber ekki saman um fjárhæð peningalána hennar til ákærða og hvort þau hafi verið endurgreidd. Ákærði kvað heildarfjárhæð lána hafa verið umtalsverða en þau kæmu ekki fram í opinberum gögnum. Kvaðst ákærði smám saman hafa endurgreitt meðákærðu með reiðufé. Fyrir liggur í rannsóknargögnum að umtalsverðar fjárhæðir voru lagðar inn á meðákærðu Y skömmu áður en millifærslur í reiðufé fóru á reikning ákærða, m.a. í tengslum við fjármögnun fasteignarinnar að [...]. Eins og rakið er í tengslum við 2. lið ákæru telur dómurinn gögn málsins sýna að meðákærða hafi ekki haft fjárhagslega burði til þess að standa undir slíkum lánveitingum og telur dómurinn hafið yfir skynsamlegan vafa að millifærslurnar verði raktar til ákærða, sem hafi notið góðs af.

Þá liggur fyrir að eignamyndun ákærða var nokkur á rannsóknartímabilinu. Liggja fyrir upplýsingaskýrslur í málinu um fjármögnun bifreiðarinnar [...] og fasteignarinnar að [...]. Hvað fasteignina varðar var yfirtekið lán vegna hennar greitt upp á um 30 mánuðum. Fasteignin var keypt þann 20. ágúst 2012 og er ákærði skráður fyrir 50% hlut á móti meðákærðu Z. Í kaupsamningi kemur fram að kaupverð hafi verið 29.500.000 kr. Skýringar ákærða á því hvernig hann fjármagnaði framangreint eru aðeins að hluta til studdar gögnum. Hefur ákærði gefið takmarkaðar skýringar á mismuninum.

Ákærði á að baki langan sakaferil. Á tímabili ákæru voru kveðnir upp þrjú dómur Hæstaréttar sem áður er gerð grein fyrir þar sem honum var gerð refsing, m.a. fyrir lyfsölubrot og peningaþvætti. Brot ákærða voru framin á árunum 2011, 2012 og 2016 og voru til þess fallin að hafa auðgun í för með sér en til þessa atriðis hefur verið litið m.a. í dómi Hæstaréttar 25. nóvember 2021 í máli nr. 28/2021 og dómi Landsréttar 27. maí 2022 í máli nr. 241/2021.

Að öllu framangreindu virtu hefur ákæruvaldið sýnt fram á að ákærði notaði mun meiri fjármuni í eyðslu en uppgæfnar tekjur gáfu tilefni til, en þær voru óverulegar greiðslur frá Tryggingastofnun. Hann hefur engar haldbærar eða trúverðugar skýringar gefið á því hvernig hann fjármagnaði framfærsluhalla sinn, eins og áður greinir. Þá hefur hann sömuleiðis ekki leitt neitt það í ljós sem gefur ástæðu til þess að ætla að ágallar hafi verið á rannsókn á fjármálum hans, en ekki var uppi tölulegur ágreiningur.

Samkvæmt því sem rakið hefur verið og með vísan til skjallegra gagna málsins telur dómurinn hafið yfir skynsamlegan vafa að útilokað sé að ávinningur sá er ákæran lýtur að sé af lögmætum toga. Telur dómurinn sannað að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök og er hún rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

### **Ákærða Z**

Ákærða hefur frá upphafi neitað sök og kveður sér hafa verið ókunnugt um ólögmeta starfsemi ákærða. Þrátt fyrir að þau hafi verið gift hafi fjárhagur þeirra að mestu verið aðskilinn en hún hafi fengið fé frá ákærða þegar hún varð uppiskroppa. Hún kvaðst alla tíð hafa sent megnið af launum sínum til ættingja í [...]. Komið hafi fyrir að hún hafi þegið lán frá tengdamóður sinni.

Meðal ganga málsins er greining lögreglu á fjármálum ákærðu yfir sama tímabil og meðákærða Y. Niðurstaða greiningarinnar er sú að ákærða hafi á tímabilinu 28. september 2012 til 30. október 2018 ráðstafað allt að 7.276.520 kr. umfram uppgæfnar tekjur.

Ákærða og meðákærði töldu fram til skatts sem hjón. Samkvæmt skattframtölum námu tekjur hennar að frádreginni staðgreiðslu, lífeyrissjóðsiðgjaldi og erfðafjárskatti samtals 15.973.158 kr. á greiningartímabilinu. Fjármagnstekjur að frádregnum fjármagnstekjuskatti námu 21.824 kr. þannig að samtals voru uppgæfnar tekjur hennar því 15.994.982 kr. Að teknu tilliti til greiningartímabilsins námu hlutfallaðar tekjur hennar samkvæmt skattframtölum samtals 16.686.594 kr. Rekjanlegar tekjur ákærðu námu 17.455.475 kr., sem er samtala af tekjum samkvæmt skattframtölum og öðrum tekjum sem voru á bankareikningum. Rekjanleg útgjöld umfram tekjur, þ.e. neikvæður lífeyrir, fyrir tímabilið námu 7.276.520 kr. og voru að stærstum hluta fjármögnuð með innborgunum frá meðákærða og reiðufé. Ákærða

var með tvo bankareikninga á greiningartímabilinu. Staða bankareiknings [...] var í upphafi þess 278.837 kr. en 21.187 kr. í lok þess. Innborganir á reikninginn námu samtals 21.346.327 kr. og útborganir 21.559.390 kr. Innborganir voru að uppistöðu til launatekjur eða samtals 13.847.487 kr. en 3.280.239 kr. stöfuðu frá meðákærða. Útborganir af reikningnum voru einkum erlendar símgreiðslur, 10.778.069 kr., og dagleg neysla, 4.693.653 kr. Á bankareikning ákærðu nr. [...] komu orlofsgreiðslur, verðbætur og vaxtatekjur. Kredítkort ákærðu sem tekið var í notkun 2018 var notað til daglegrar neyslu og hraðbankaúttekta að fjárhæð 581.305 kr.

Ákærða giftist ákærða árið 2012 og eignuðust þau barn saman árið 2014. Hún talar ekki íslensku. Þau slitu samvistum eftir að mál þetta kom upp. Hún starfaði hjá W ehf. allt það tímabil sem ákæran tekur til og gögn málsins bera ekki með sér að hún hafi haft mikið fjárhagslegt svigrúm. Þeir fjármunir sem ákærða notaði í eyðslu umfram uppgefnar tekjur komu, eins og áður greinir, frá meðákærða og voru því um 100.000 kr. á mánuði á tímabili ákæru. Þá ber ákærðu saman um að hún hafi annast matarinnkaup til heimilisins en hann séð um fjármálin. Framburður ákærðu hefur verið stöðugur og metur dómurinn hann trúverðugan. Færslur á bankareikningum hennar vekja ekki grunsemdir um að hann hafi verið nýttur til að leyna ávinningi af refsiverðum brotum. Þykja gögn málsins styðja að í reynd hafi ekki verið fjárhagsleg samstaða með þeim í hjúskapnum að því leyti að þau hafi staðið saman að meiri háttar fjárhagslegum ráðstöfunum.

Eins og áður segir er ákærða ekki talin hafa getað gert grein fyrir reiknuðum neikvæðum lífeyri sínum sem nánari grein er gerð fyrir í ákærunni. Lagt er til grundvallar ákæru á hendur henni að hún hafi verið gift meðákærða og þau haft sameiginlegan fjárhag. Þá er á því byggt að stórum hluta þeirra fjármuna sem teldist vera ætlaður ávinningur meðákærða af brotastarfsemi hans hafi verið ráðstafað í þágu þeirra beggja. Samanlagður neikvæður lífeyrir ákærðu beggja hafi numið 84.449.884 krónum en þar af hafi neikvæður lífeyrir ákærðu numið 7.276.520 kr., eins og áður greinir.

Sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik, sem telja má honum í óhag, hvílir á ákæruvaldinu, sbr. 108. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Þá gildir regla 1. mgr. 109. gr. laganna um að sanna beri sekt ákærða svo hún verði ekki vefngd með skynsamlegum rökum. Af því leiðir að vafa um sönnun sektar verður að skýra ákærða í hag.

Til þess að sakfella megi einstakling fyrir brot gegn 1. og 2. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga þarf að sanna ásetning til háttseminnar. Þannig þarf ákæruvaldið að sanna að ákærða hafi vitað eða mátt vita að fjármunir þeir sem hún tók við hefðu verið ávinningur af refsiverðu broti. Í málinu liggja ekki fyrir gögn sem styðja að svo hafi verið, hvorki þegar litið er til fjárhæða né þess sem upplýst er um aðstæður ákærðu. Með sama hætti telur dómurinn að saknæmisskilyrði skorti svo sakfella megi ákærðu fyrir gáleysisbrot samkvæmt 4. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga. Liggja ekki fyrir í málinu gögn sem styðja að ákærðu hafi hlotið að vera ljóst að fjármunir þeir sem hún móttók frá ákærða hefðu ekki átt sér lögmætan uppruna. Verður ákærða því sýknuð af ákæru þessari.

## **Ákæruliður 2**

### **Ákærða Y**

Ákærðu er gefið að sök að hafa á sama tímabili og vísað er til í 1. ákærulið hér að framan „tekið við, nýtt, umbreytt, afhent og/eða aflað sér ávinnings“ að tiltekinni fjárhæð, sem var tilkominn af refsiverðum brotum meðákærða X. Í því sambandi er ágreiningslaust að m.a. er vísað til þeirra frumbrota hans sem tilgreind eru í I. kafla ákærunnar.

Ákærða neitar sök. Hún krefst aðallega sýknu þar sem hún telur ákæru ekki uppfylla skilyrði c-liðar 1. mgr. 152. gr. laga um meðferð sakamála. Á þetta fellst dómurinn ekki, með vísan til þeirra röksemda sem fram koma í tengslum við umfjöllun um 1. ákærulið hér að framan, enda hefur verknaðarlýsing að geyma lágmarksskírskotun til þeirra þátta sem krafist er í dómaframkvæmd, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar 25. nóvember 2021 og dóma Landsréttar 20. maí 2022 nr. 499/2020 og 27. maí 2022 nr. 241/2021.

Þá krefst ákærða sýknu á þeim grunni að saknæmisskilyrði skorti og verði henni því ekki refsað með vísan til 1. mgr., sbr. 2. mgr., 264. gr. almennra hegningarlaga. Ákærða kvaðst ekki vita annað en að uppruni þeirra fjármuna sem hún veitti viðtöku frá ákærða hefði verið af lögmætum toga.

Í ákæru er vísað til rannsóknar lögreglu á fjármálum ákærðu sem sýndi fram á að rekjanlegar tekjur hennar voru 24.133.426 kr. en rekjanleg útgjöld voru samtals 47.960.063 kr. Frekari sundurliðun er að finna í ákærunni og segir í ákæru að hún hafi ekki gefið trúverðugar skýringar um lögmæta meðferð sína á fjármuninum umfram uppgefanlegar og rekjanlegar tekjur. Ekki er uppi tölulegur ágreiningur.

Samkvæmt greiningu lögreglu á fjármálum ákærðu, sem framangreind sundurliðun er byggð á, liggur fyrir að ákærða hafi á því tímabili sem ákæran tekur til ráðstafað allt að 23.826.637 kr. umfram uppgefnar tekjur. Rekjanlegar tekjur ákærðu námu, eins og áður segir, 24.133.426 kr., sem er samtalan af hlutfölluðum tekjum samkvæmt skattframtölum, 23.774.382 kr., og öðrum tekjum sem voru á bankareikningi ákærðu, eða 359.044 kr. Rannsóknin leiddi í ljós að útgjöld ákærðu voru að stærstum hluta fjármögnuð með reiðufé og innborgunum frá einstaklingum, m.a. tengdum aðilum.

Ákærða hafði einn bankareikning nr. [...] og var staða hans í upphafi greiningartímabilsins 1.601.808 og 1.964.243 kr. í lok hans. Engra reiðufjáreigna var getið á skattframtölum ákærðu frá árinu 2011 og verður ekki séð af skjallægum gögnum að ákærða hafi haft fjárhagslegt svigrúm til þess að leggja peninga fyrir eða til verulegra lánveitinga.

Í upplýsingaskýrslu lögreglu um hlutdeild í óútskýrðri innkomu ákærðu kemur fram sundurliðun innborgana, sem samanstendur af innborgunum frá meðákærðu, einstaklingum og innborgunum í reiðufé en sú fjárhæð nemur 16.145.250 kr. Þá kemur fram í greiningarskýrslu að uppruni reiðufjár sem var lagt inn á bankareikning ákærðu liggja ekki fyrir, þar sem viðskiptakvittanir hafi verið óundirritaðar að undanskilinni einni sem ákærða undirritaði. Úttektir ákærðu í reiðufé hafi hins vegar verið 637.934 kr.

Sönnun lýtur annars vegar að því hvort fjármunir þeir sem ákærða veitti viðtöku og ráðstafaði í kjölfarið, m.a. með millifærslum á reikninga, hafi stafað frá meðákærða X og hins vegar hvort ákærða hafi vitað að fjármunirnir væru ólögmætir. Við mat á því hvort nægileg sönnun sé fram komin verður að líta til gagna málsins, atvika og skýringa ákærðu.

Áður er komist að þeirri niðurstöðu við úrlausn á 1. lið ákæru að meðákærði X hafi gerst sekur um peningþvætti en hann hafði yfir að ráða miklum fjármunum sem hann gat ekki gert grein fyrir. Með vísan til niðurstöðu dómsins um meðákærðu Z og útskýringa ákærðu er ósannað að innborgun að fjárhæð 150.000 kr. frá Z hafi átt ólögmætan uppruna.

Óútskýrðar innborganir frá einstaklingum nema 5.045.397 kr. Fram kemur í greiningarskýrslu að þrjú nafngreindir aðilar hafi einnig lagt inn á reikning meðákærða X. Um óverulegar fjárhæðir er að ræða. Engin frekari grein er gerð fyrir innborgunum frá öðrum einstaklingum eða þær greindar með einhverjum hætti, eins og tilefni hefði verið til, enda á því byggt að í reynd ættu þær rætur að rekja til refsiverðrar háttsemi meðákærða. Telur dómurinn því ósannað að innborganirnar hafi verið af ólögmætum toga og tengdar honum.

Innborganir á reiðufé inn á reikning ákærðu eru eins og áður segir verulegar. Fyrir liggur að reiðufjárnotkun meðákærða var mikil. Í greiningarskýrslu segir að augljóst sé að um sé að ræða reiðufé sem komi utan frá, þ.e.a.s. að féð eigi sér ekki uppruna á bankareikningi ákærðu, þegar litið sé til úttekta hennar sem einkum hafi verið lágar úttektir úr hraðbönkum. Þá segir í upplýsingaskýrslu um hlutdeild í útskýrðri afkomu að sá möguleiki sé fyrir hendi að uppruni innborgaðs reiðufjár liggja hjá honum og um sé að ræða fé sem hann hafi tekið út af peningareikningum sínum og/eða fengið afhent vegna ólöglegar starfsemi sinnar. Sé svo felist peningþvætti ákærðu í því að veita viðtöku, geyma og ráðstafa síðar fjármunum sem sýnt þyki að stafi af ólöglegri starfsemi meðákærða. Telur ákærvaldið að uppruna fjárens megi að öllu leyti rekja til meðákærða.

Í skýrslum lögreglu og öðrum gögnum er ítarlega rakið hvernig ákærða ráðstafaði fjármunum af reikningi sínum í þágu eða að undirlagi meðákærða og kvað vera lán. Háar fjárhæðir í reiðufé voru í nokkrum tilvikum lagðar inn á reikning ákærðu áður eða sama dag. Ákærðu voru spurð um þessar ráðstafanir í skýrslum sínum hjá lögreglu og fyrir dómi og gáfu þá takmarkaðar eða ónákvæmar

útskýringar. Þá hefur ákærða ekki verið stöðug í framburði sínum hvað varðar upphæðir lánveitinga til ákærða og ber henni og meðákærða þar ekki saman.

Ákærða stendur á áttæðu. Verjandi ákærðu benti á að hún gæti átt erfitt með að muna og hefði auk þess fengið heilablóðfall. Þá lét meðákærði X að því liggja bæði í skýrslutöku hjá lögreglu og fyrir dómi að ákærða ætti í erfiðleikum með að muna og af þeim sökum væri lítið að marka framburð hennar. Dómari beindi því til verjanda ákærðu að afla heilsufarsupplýsinga frá lækni ef ástæða þætti til og telja mætti að vankantar væru á skýrslugjöf hennar af heilsufarsástæðum. Engin gögn þess efnis voru lögð fram og kvaðst ákærða treysta sér til þess að gefa skýrsluna. Ekki var annað að heyra fyrir dómi en að hún væri vel áttuð þó að hún kvæðist oft ekki geta svarað þeim spurningum sem fyrir hana voru lagðar.

Svör ákærðu hjá lögreglu og fyrir dómi eru til þess fallin að vekja upp efasemdir um að ákærða hafi haft nægilega góða yfirsýn yfir færslur á bankareikning sinn. Kom einnig fram að meðákærði hefði oft leitað til hennar um fjárhagsaðstoð og komið að hennar málum, ýmist við millifærslu fjármunanna eða við greiðslu þeirra. Því er ekki haldið fram að meðákærði eða einhver annar hafi í reynd haft aðgang að og notað heimabanka ákærðu með eða án samþykkis hennar en verjandi hennar benti á í málflutningi sínum að slíkt væri þó ekki útilokað. Við rannsókn málsins kom ekkert fram sem benti til þessa og gaf tilefni til frekari eftirgrennslana. Í greiningarskýrslu vegna ákærðu segir aðeins að ákærða hafi borið um að börn hennar og barnabörn sem búsett voru á heimilinu hefðu á þeim tíma greitt heim og væri að finna innborganir því til staðfestingar. Ekki væri tilefni til að ætla að þau hefðu greitt eitthvað meira til heimilisins en því næmi.

Ákærða hefur ekki gefið fullnægjandi skýringar á innborgunum í reiðufé og innborgunum frá meðákærða X. Í dómaframkvæmd hafa ófullnægjandi skýringar á því hvaðan fjármunir koma verið túlkaðar ákærðu í óhag og bera þeir hallann af því ef ómögulegt reynist að staðreyna staðhæfingar um lögmæti fjármunanna þrátt fyrir fjármálarannsókn lögreglu. Dómurinn telur hafið yfir skynsamlegan vafa, sér í lagi þegar litið er til atvika máls, þess hvernig staðið var að ráðstöfun fjármuna og hvert þeir runnu, að reiðufjárinnborganirnar hafi komið frá meðákærða.

Samkvæmt framangreindu telur dómurinn sannað að ákærða hafi með viðtöku og frekari ráðstöfun fjármuna frá ákærða samtals að fjárhæð 18.631.240 kr. gerst sek um peningabætti. Brot ákærðu er eins og áður greinir heimfært undir 1. mgr., sbr. 2. mgr., 264. gr. almennra hegningarlaga. Þegar litið er til náinna tengsla þeirra, þess að ákærðu var vel kunnugt um að meðákærði hafði áður komist í kast við lögin, fjárhæða sem um ræðir og atvika að öðru leyti telur dómurinn sýnt að hún hafi látið sér í léttu rúmi liggja hvort framangreindir fjármunir sem hún veitti viðtöku, millifærði eða meðhöndlaði með öðrum hætti væru ávinningur af refsiverðri háttsemi ákærða. Háttsemi ákærðu er því rétt heimfærð til refsíákvæðis í ákæru.

### **Ákæruliður 3**

#### **P**

Ákærða er gefið að sök peningabætti með því að hafa tekið við skotvopnum og öðrum skotvopnabúnaði frá meðákærða X á árinu 2017, allt til málamynda og án þess að greiðsla hafi komið til eins og nánar er lýst í ákærunni. Ákærði neitar sök og kveðst hafa verið eigandi vopnanna. Hann krefst sýknu á þeim grunni að saknæmisskilyrði skorti en ákærði hafi ekki haft ásetning til peningabættis.

Ákærði krefst frávísunar með vísan til c-liðar 1. mgr. 152. gr. laga nr. 88/2008. Þeirri kröfu er hafnað en verknaðarlýsing í ákærunni telst vera fullnægjandi og uppfylla skilyrði ákvæðisins um skýrleika. Ljóst er fyrir hvaða brot er ákært, hvenær meint brot er talið hafa átt sér stað, þá er að finna skírskotun til tiltekinna verknaðarþátta 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga, sem brotið er heimfært undir, og til þess er ávinningur lýtur að. Hefur vörnum ákærða í engu verið áfátt.

Tildrög þess að ákærði var skráður eigandi vopnanna má rekja til þess að skotvopnaleyfi meðákærða X var afturkallað með ákvörðun lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu þann 23. júní 2017. Fyrir liggur framburður lögreglumannsins R um að ákærði hafi leitað ráða hjá honum í kjölfarið. Meðákærði hafði

frumkvæði að samskiptum við ákærða og var sá síðarnefndi skráður eigandi vopnanna 29. júní 2017 en þau eru talin upp í ákærinni.

Við húsleit á heimili meðákærða á sínum tíma fannst búnaður fyrir skotvopn. Af því tilefni dró lögreglan þá ályktun að hann væri enn eigandi mikils magns skotvopna. Tekin var óformleg símaskýrsla af ákærða Þ þann 30. október 2018 og segir í skýrslunni að hann hafi staðfest að hann hefði skotvopn ákærða í sinni vörslu og samþykkt að varsla vopnin þar til meðákærði myndi lausn á sínum málum, hvort sem það væri að selja skotvopnin eða finna aðra lausn. Framvísaði ákærði í framhaldinu vopnunum til lögreglu og segir í skýrslunni að þau yrðu í vörslum lögreglu þar til viðunandi lausn myndi.

Tekin var símaskýrsla af ákærða 26. nóvember 2018 og naut hann þá réttarstöðu vitnis og var honum jafnframt kynnt 118. gr. laga nr. 88/2008. Greindi hann svo frá að hann hefði varslað skotvopnin fyrir meðákærða þegar hann missti skotvopnaleyfið. Ákærði staðhæfði að hann væri eigandi vopnanna eins og skráning bæri með sér en ekki hefði náðst samkomulag um verð og hefði greiðsla því ekki verið komin til er skýrslan var tekin. Meðákærði teldi sig eiganda vopnanna og segði það öllum. Kvaðst ákærði hafa gert meðákærða tilboð sem hann hefði til þessa ekki tekið.

Þegar framangreind skýrsla var tekin hafði lögregla þegar tekið skýrslu af meðákærða X þann 25. október 2018 þar sem hann var m.a. spurður út í vopnin og kvaðst hann hafa selt ákærða þau um vorið árinu áður og hann ætti því vopnin. Hann hefði þó ekki enn fengið greiðslu fyrir þau.

Dómurinn fellst ekki á það með ákærða að augljóst hafi verið á þessu stigi rannsóknar að ákærði hefði átt að njóta réttarstöðu sakaðs manns í stað vitnis. Framangreind skýrsla frá 30. október 2018 er upplýsingaskýrsla en ekki formleg skýrslutaka og hefur því ekki sönnunargildi sem slík. Var því þörf á frekari skýringum á tildrögum þess að ákærði var skráður eigandi vopnanna. Á hinn bóginn má á það fallast, eins og mál þetta þróaðist, að æskilegt hefði verið að taka af ákærða skýrslu eftir að ákvörðun var tekin um að breyta réttarstöðu hans en ákæra í málinu var fyrst gefin út 24. mars 2021 og rúmur tími til þess.

Fyrir dómi bar ákærða og meðákærða saman um að tekin hefði verið ákvörðun um kaup ákærða á umræddum vopnum þó að kaupverð hefði ekki verið umsamið og frágengið á þeim tíma er rannsókn málsins hófst. Báru þeir einnig um að hluti skotvopnabúnaðar hefði orðið eftir hjá ákærða X og aldrei komist til skila en ákærði er ekki skráður eigandi þess búnaðar.

Háttsemi ákærða er heimfærð undir 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga. Til þess að sakfella megi fyrir háttsemina þarf að sanna að ákærði hafi haft ásetning til að taka við, geyma og hafa vopnin í vörslum sínum, „þrátt fyrir að honum hafi hlotið að vera ljóst“ að þeir munir sem vísað er til í ákæru væru ávinningur af refsiverðu broti meðákærða eins og segir í ákæru.

Ákæruvaldið byggir á því að saknæmisskilyrði séu uppfyllt þar sem ákærði hafi vitað að skráning vopnanna yfir á hann hefði verið til málamynda auk þess sem ekki var greitt fyrir þau.

Þó fallast megi á með ákæruvaldinu að skráningin í skotvopnaskrá hafi haft á sér ákveðinn málamyndablæ þá hefur ákærði neitað því að skráningin hafi frá upphafi verið ætluð til málamynda. Ekki liggur fyrir staðfesting á greiðslu fyrir vopnin en upplýsingar um hana komu fyrst fram fyrir dómi við skýrslutökur. Samkvæmt framansögðu telur dómurinn ósannað að skráning ákærða í skotvopnaskrá hafi verið til málamynda. Ber að túlka vafa um það ákærða í hag. Þá hefur ákærði staðfastlega neitað því að hafa vitað um brotastarfsemi ákærða. Kvaðst hann aðeins þekkja meðákærða í gegnum þáverandi starf sitt. Í málinu er ekkert sem bendir til annars eða að tengsl þeirra á milli hafi verið önnur og meiri. Þykir þannig ekki í ljós leitt, svo hafið sé yfir skynsamlegan vafa, að ákærða hafi hlotið að vera það ljóst að vopnin sem skráð voru á hann hefðu verið keypt fyrir ávinning af brotastarfsemi ákærða. Þá telur dómurinn, eins og atvikum er háttað, skilyrði ekki standa til þess að meta ákærða það til gáleysis að hafa tekið við vopnum frá meðákærða X, sbr. 4. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga. Verður ákærði með vísan til 108. gr., sbr. 109. gr., laga nr. 88/2008 sýknaður af refsikröfu ákæruvaldsins.

## Refsiákvörðun

Ákærði X hefur verið sakfelldur fyrir þá háttsemi sem honum er gefin að sök samkvæmt I., II. og V. kafla ákæru. Ákærði telur að honum verði ekki gerð refsing þar sem sök hans sé fyrnd samkvæmt I. kafla ákæru, ef ekki að öllu leyti þá varðandi tímabilið fram til ársins 2018.

Dómurinn lítur svo á að frumbrot ákærða teljist vera framhaldsbrot, en um er að ræða framhaldandi röð samkynja eða eðlislíkra refsiverðra athafna á löngu tímabili. Við mat á því hvort um framhaldsbrot sé að ræða er í refsirétti jafnframt litið til þess hvort brotin eru framin í nokkurri samfellu og þau séu þess eðlis að eðlilegra sé að líta á þau sem framhaldsbrot fremur en sjálfstæð afmörkuð brot. Í þessu sambandi er litið til atvika máls og framburðar ákærða svo og vitna um háttsemi hans, sem virðist hafa verið nánast viðvarandi. Verður brotastarfsemi ákærða virt sem ein heild og byrjaði fyrningarfrestur ekki að líða fyrir en háttseminni lauk, sbr. 1. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Brot ákærða varða allt að 6 ára fangelsi og fyrnast því á 10 árum, sbr. 2. mgr. 103. gr. laga nr. 100/2020. Síðasta tilvikið sem ákært er fyrir átti sér stað 6. mars 2019. Ákærði var fyrst yfirheyrður hjá lögreglu 14. febrúar 2018 og naut þá réttarstöðu sakbornings. Var honum kynnt sakarefni málsins sem þá var brot á lyfja- og vopnalögum. Við það tímamark rofnar alla jafna fyrningarfrestur, sbr. 4. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga. Samkvæmt 2. ml. 5. mgr. sömu lagagreinar rýfur rannsókn samkvæmt 4. mgr. ekki fyrningarfrest ef rannsakandi hættir henni eða hún stöðvast um óákveðinn tíma. Dómurinn telur, þegar litið er til umfangs málsins í heild, að ekki verði litið svo á að rannsókn hafi legið niðri í skilningi framangreinds ákvæðis. Samkvæmt framansögðu var sök ákærða ófyrnd er ákæra í málinu var gefin út. Með vísan til dóms Hæstaréttar frá 25. mars 2021 í máli nr. 29/2020 telst sjálfspvættisbrot ákærða, sem líta ber á sem ástandsbrott, vera ófyrnt. Í því sambandi er til þess litið að ákærði varði hluta ávinnings til kaupa á eignum og miðast upphaf fyrningarfrests við það tímamark er hinu ólögmdæta ástandi lýkur.

Ákærði á að baki sakaferil sem nær aftur til ársins 1980. Hann hefur hlotið samtals 22 refsíðoma, í flestum tilvikum fyrir auðgunarbrot eða tilraun til þeirra. Með dómi Hæstaréttar 6. febrúar 2014 í máli nr. 457/2013 var ákærði dæmdur í sex mánaða fangelsi fyrir brot á lyfjalögum. Fullnustu refsingarinnar var frestað skilorðsbundið í fimm ár. Með dómi Hæstaréttar 16. október 2014 í máli nr. 193/2014 var ákærði dæmdur í sjö mánaða fangelsi fyrir brot á lyfjalögum, vopnalögum og peningaþvætti. Með broti sínu rauf hann skilorð héraðsdóms frá 19. júní 2013 og var gerð refsing í einu lagi. Þá var ákærði með dómi Hæstaréttar 11. maí 2017 í máli nr. 451/2016 dæmdur í þriggja mánaða fangelsi fyrir lyfjalagabrot.

Við ákvörðun refsingar er litið til sakaferils ákærða, og einbeitts ásetnings. Þá er til þess litið að brot ákærða náðu yfir langt tímabil, vörðuðu mikilvæga hagsmuni og að ávinningur hans á tímabilinu nam verulegum fjárhæðum. Horfir allt framangreint til þyngingar refsingar. Vísast í þessu sambandi til 1., 5. og 6. tl. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga. Þótt ljóst sé að langur tími sé liðinn frá brotum ákærða og nokkur dráttur hafi orðið á meðferð málsins hjá lögreglu og fyrir dómi, sem ákærða verður ekki um kennt, eru ekki efni til þess að skilorðsbinda refsingu ákærða, hvorki að hluta né í heild. Þegar allt framangreint er virt og með hliðsjón af 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga þykir hæfileg refsing ákærða vera fangelsi í tvö ár. Til frádráttar refsingunni kemur gæsluvarðhald sem ákærði sætti frá 26. október til 2. nóvember 2018 að fullri dagatölu.

Ákærða Y hefur verið sakfelld fyrir peningaþvætti samkvæmt V. kafla ákæru. Hún hefur ekki áður verið fundin sek um refsiverða háttsemi. Við ákvörðun refsingar er til þess litið að brot ákærðu náðu yfir langt tímabil og að fjárhæðir voru verulegar. Á móti kemur lágt saknæmisstig ákærðu og aðkoma ákærðu að málum. Þykir hæfileg refsing ákærðu vera fjögurra mánaða fangelsi. Þegar litið er til þess að ákærða á ekki að baki sakaferil og aldurs hennar þykir rétt að fresta fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

## Uppþökukröfur

Ákærði X krefst sýknu af öllum upptökukröfum.

Ákærvaldið krefst upptöku á lyfjum, reiðufé og munum sem vísað er til í I. og II. kafla ákæru en samkvæmt gögnum málsins voru þeir haldlagðir á heimili hans við húsleit 14. febrúar og 25. október 2018 og við leit á honum þann dag. Ákærði mótmælir upptöku á lyfjum og kveðst þurfa á þeim að halda vegna ADHD sem hann sé greindur með. Ekkert liggur fyrir í málinu um þarfir ákærða í þessum efnum en lyfin sem fundust á heimili ákærða eru lyfseðilsskyld og þeim var ekki ávísað á ákærða af lækni, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar 11. maí 2017 í máli nr. 451/2016. Fallist er á upptöku framangreinds með vísan til þeirra lagaákvæða sem vísað er til í ákæru og nánar greinir í dómsorði. Ákærvaldið féll frá kröfu um upptöku á 200 ríffilkúlum samkvæmt III. kafla ákæru.

Ákærvaldið krefst einnig upptöku á fasteign og öðrum fjármunum sbr. a- til f-lið 1. kafla, eins og nánar greinir í ákæru, og reisir þá kröfu á VII. kafla A í almennum hegningarlögum, einkum 1. mgr. 69. gr., og 69. gr. b– d í þeim lögum, svo og 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974, sbr. 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001 og 1. mgr. 104. gr. lyfjalaga nr. 100/2020. Ekki er fallist á það með ákærða að tilvísun til lagaákvæða í ákæru sé óskýr og torveldi varnir hans.

Með lögum nr. 149/2009 um breyting á almennum hegningarlögum var lögfestur nýr heildstæður kafli sem rýmkaði heimildir til upptöku verðmæta vegna alvarlegra brota sem eru til þess fallin að hafa í för með sér verulegan ávinning eða fjárhæðar sem svarar til þeirra í heild eða að hluta. Ekki er gerð krafa um að sýnt sé fram á tengsl á milli ákveðins brots og þess sem er gert upptækt og gildir öfug sönnunarbyrði haldi ákærði því fram að verðmæti séu ekki fengin með ólögmætum hætti, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar 25. nóvember 2021 í máli nr. 28/2021.

Með vísan til niðurstöðu um sýknu ákærðu Z af peningaþvætti samkvæmt V. kafla ákæru verður hún jafnframt sýknuð af upptökukröfu á eignarhlut hennar í fasteigninni [...]. Skilyrði standa til þess að krefjast upptöku á hlut ákærða í fasteigninni þrátt fyrir að ákærða Z eigi helming eignarinnar, sjá 2. mgr. 69. gr. b en í því sambandi er litið til þess að peningaþvættisbrot ákærða er ástandsbrott. Samkvæmt gögnum málsins er fasteignamataverð 20.950.000 kr. Ákærða mótmælti upptökukröfum ekki að öðru leyti en dómurinn telur að nægilegt sé að þeim sé beint að ákærða einum.

Ákærði X hefur verið sakfelldur fyrir að hafa selt lyfseðilsskyld lyf, án tilskilins leyfis, um langt skeið. Þá hefur ákærði verið sakfelldur fyrir peningaþvætti, sömuleiðis um langt skeið. Brotin höfðu í för með sér verulegan ávinning fyrir hann sem ákærvaldið sýndi fram á með skjallægum gögnum. Í þessum er efnum er þó nóg að brotin séu til þess fallin að hafa í för með sér ávinning.

Ákærði kveður gjaldeyri sem upp er talinn í b-lið vera afgang af gjaldeyri sem hann hafi keypt í tengslum við utanlandsferðir sínar. Ákærði hefur ekki lagt fram nein gögn því til stuðnings og/eða tengt nánar tilgreindum ferðum. Þá hefur ákærði heldur ekki fært fram neitt haldbært sem skýrir reiknaðan neikvæðan lífeyri hans eða lagt fram gögn um tilurð þeirra fjármuna. Þá hefur ákærði X haldið því fram að munir samkvæmt f-lið, og þá sérstaklega vopnin samkvæmt 2. kafla, séu verðlagðir of hátt samkvæmt fyrirliggjandi verðmati. Hann hefur á hinn bóginn ekki hnekkjt því mati með framlagningu gagna sem sýna fram á annað og verður það því lagt til grundvallar. Verður með vísan til niðurstöðu málsins fallist á upptökukröfu ákærvaldsins samkvæmt 1. kafla eins og nánar greinir í dómsorði.

Upptökukröfu samkvæmt 2. kafla er beint að ákærða X og Þ en fallið var frá upptökukröfu hvað ákærðu Z varðar. Ákærði Þ krefst sýknu af upptökukröfunni.

Samkvæmt 4. mgr. 69. gr. d verður upptöku komið fram hjá þriðja manni hafi sá sem notið hefur ávinnings af broti samkvæmt 1. og 2. mgr. gert ráðstafanir eftir að brot var framið sem varða eignarhald eða réttindi yfir ávinningi eða hlut sem gera á upptækan. Í slíkum tilvikum má gera ávinninginn eða hlutinn upptækan hjá þriðja manni hafi hann vitað um tengsl ávinningsins eða hlutarins við brot eða sýnt af sér stórfellt gáleysi í því sambandi.

Ákærði Þ var sýknaður af ákæru um peningaþvætti eins og að framan er rakið. Eins og áður segir bar ákærðu X og Þ saman um að Þ hefði greitt fyrir munina. Engin gögn hafa verið lögð fram því til stuðnings. Þegar litið er til framburðar ákærða Þ hjá lögreglu 26. nóvember 2018 fór sú greiðsla fram eftir

skýrslutökuna. Í skýrslutökunni var ákærði m.a. upplýstur um ætlaða lyfjasölu og peningþvættisbrot ákærða X. Þegar litið er til markmiðs framangreinds ákvæðis sem fram kemur í athugasemdum í greinargerð með ákvæðinu, þ.e. að koma í veg fyrir að ávinningi eða hlutum sé komið undan þannig að upptaka geti ekki farið fram, lítur dómurinn svo á að ákærði hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi með eftirfarandi aðgerðum sínum. Verður því fallist á kröfu um upptöku á mununum, en lögreglan haldlagði þá á heimili ákærða Þ þann 25. október 2018, eins og nánar greinir í dómsorði. Eins og á stendur þykir því óþarft að beina kröfu um upptöku einnig að ákærða X.

### **Málkostnaður**

Samkvæmt yfirliti um sakarkostnað er farið fram á greiðslu útlagðs kostnaðar vegna 27 klst. aðkeyptrar greiningarvinnu, 468.720 kr. Ekki liggur fyrir í gögnum hvers konar vinnu hér um ræðir eða tilgang hennar. Verður þessi kostnaður því ekki felldur á ákærðu sem sakarkostnaður samkvæmt 233. gr. laga nr. 88/2008.

Með vísan til niðurstöðu málsins hvað varðar ákærðu Z og Þ verður sakarkostnaður þeirra felldur á ríkissjóð, sbr. 2. mgr. 235. gr. laga nr. 88/20087, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðra verjenda þeirra eins og nánar greinir í dómsorði.

Við ákvörðun málsvarnarlauna er málið virt í heild og tekið mið af meðferð þess á rannsóknarstigi og umfangi að öðru leyti. Verjendur ákærðu X, Z og Þ lögðu fram tímaskýrslu við aðalmeðferð málsins vegna vinnu sinnar og ráðast málsvarnarlaun að mestu af þeim. Litið er til þess að þáttur ákærða Þ var afmarkaðri en annarra meðákærðu. Þó fallast megi á að mál þetta krefjist mikillar vinnu, m.a. við að kynna sér dómaframkvæmd og fræðiskrif verður sá tímafjöldi sem verjandi ver í vinnu sína að vera í samræmi við eðli og umfang máls.

Ákærðu X og Y skulu í samræmi við 1. mgr. 235. gr. laga nr. 88/2008 greiða allan sakarkostnað er til féll vegna þáttar þeirra, sem er málsvarnarlaun verjenda þeirra og útlagður kostnaður vegna vinnu tilnefnds verjanda í tengslum við tilteknar rannsóknaraðgerðir, samkvæmt framlögðu yfirliti sækjanda, allt eins og nánar greinir í dómsorði. Tekið er tillit til framlagðrar tímaskýrslu verjanda ákærða X að virtum framangreindum sjónarmiðum um eðli og umfang máls.

Við ákvörðun málsvarnarlauna er tekið tillit til virðisaukaskatts.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Haukur Gunnarsson aðstoðarsaksóknari.

Sigríður Hjaltsted héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

### **D Ó M S O R Ð:**

Ákærði, X, sæti fangelsi í tvö ár. Til frádráttar refsingunni kemur gæsluvarðhald sem ákærði sætti frá 26. október 2018 til 2. nóvember sama árs.

Ákærða, Z, skal vera sýkn af refsikröfum ákæruvaldsins.

Ákærða, Y, sæti fangelsi í fjóra mánuði en fullnustu refsingarinnar er frestað og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði, Þ, skal vera sýkn af refsikröfum ákæruvaldsins.

Ákærði, X, sæti upptöku á 50 Mogadon-töflum, 100 Lexotan-töflum, 254 Ritalin-töflum, 45 Ritalin Uno-töflum, 14 OxyContin-töflum og 37 Contalgin-töflum, handjárnnum, raflostbyssu, 1.016 stk. af skotfærum, hleðslupúðri, ríffilbolta og tveimur hljóðdeyfum.

Ákærði sæti upptöku á gíkkverkum í Blazer-ríffil (munanr. [...] og [...]), skeftum í Blazer-ríffil ([...] og [...]), sjónauka, Diavari Victory FL 6-24x56t\*FL ([...]), sjónauka Svarovsky 1-6x24 ([...]), sjónauka Swarovsky Z6 5-30x50 ([...]) og tösku sem innihélt sjónauka ([...]), sjónauka, Vortex Viper 6-24x50 tösku sem innihélt sjónauka ([...]), sjónauka, Barska „spotter“ ásamt tösku ([...]), sjónauka, Swarovsky 10x42

ásamt tösku ([...]), sjónauka, Swarovsky 15x56 ásamt tösku ([...]), sem haldlagt var 14. febrúar 2018 og 25. október 2018.

Ákærði sæti upptöku á eignarhlut sínum í fasteign að [...], Reykjavík, fastanúmer [...], íbúð [...] og bílskúr [...], sem kyrrsett var 26. október 2018.

Ákærði sæti upptöku á 1.040 evrum, 70 sterlingspundum, 2.150 sænskum krónum, 6.140 taflenskum bat, 102 bandaríkjadöllum, 4.800 dönskum krónum og 38.500 íslenskum krónum en reiðuféð var haldlagt 25. október 2018. Upptökukrafan tekur einnig til áfallina og áfallandi vaxta og verðbóta frá 25. október 2018 til greiðsludags.

Ákærði sæti upptöku á innstæðum að fjárhæð 1.341.995 kr sem haldlagðar voru 26. október 2018 af reikningum ákærða X nr. [...] og nr. [...] í Arion banka. Upptökukrafan tekur einnig til áfallinna og áfallandi vaxta og verðbóta af 1.341.995 kr. frá 26. október 2018 til greiðsludags.

Ákærði sæti upptöku á innstæðu að fjárhæð 2.974.609 kr. á reikningi nr. [...] í Arion banka, sem stofnaður var af lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu til að varðveita söluandvirði bifreiðarinnar [...] sem haldlögð var við rannsókn máls og síðar seld 2. maí 2020. Upptökukrafan tekur einnig til áfallinna og áfallandi vaxta og verðbóta af 2.974.609 kr. frá 2. maí 2020 til greiðsludags.

Ákærði Þ sæti upptöku á haglabyssu, Optima-tvíhleypu ([...]), riffli Savage .22 cal með Hawke 6-24x44 sjónauka ([...]), haglabyssu, Beretta hálfsjálfvirkri ([...]), riffli Jalonon 6ppc með NF BR 12-42x56-sjónauka ([...]), riffli, Mossberg cal 30-30 með Weaver 3-12x50-sjónauka ([...]), riffli, Sako.308 með NF NXS 10-32x56-sjónauka ([...]), Blaser R8-skiptihlaupi 6XC ([...]), Blaser R8-skiptihlaupi.233 Rem ([...]), Blaser R8-skiptihlaupi 9,3X62 ([...]), Blaser R8-riffli með 6,5x65 skiptihlaupi ([...]) og Blaser boltalás ([...]), en munirnir voru haldlagðir hjá ákærða 25. október 2018.

Ákærði X greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Oddgeirs Einarssonar lögmanns, 7.812.000 krónur, og 308.216 krónur í annan sakarkostnað.

Allur sakarkostnaður að því er varðar ákærðu Z, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda hennar, Grétars Dórs Sigurðssonar lögmanns, 5.301.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Ákærða Y greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Steinbergs Finnbogasonar lögmanns, 4.324.000 krónur, og 66.960 krónur í annan sakarkostnað.

Allur sakarkostnaður að því er varðar ákærða Þ, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Sverris Halldórssonar lögmanns, 5.580.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.